

MIÐBORGAR PÓSTURINN

FRITT EINTAK!

Nr. 36
Ágúst 2017 - 12. árg.

GLEÐILEGA
NÓTT ALLAN
DAGINN!

MENNINGARNÓTT 19. ÁGÚST

GRYFJAN VAPESHOP

Listvinahúsið á Skólavörðustíg fagnar 90 ára afmæli

Listvinahúsið er elsta leiristasmíðja landsins, stofnað árið 1927 af listamanninum Guðmundi Einarsyni frá Miðdal. Var Listvinahúsið fyrst staðsett á Skólavörðuholtinu en árið 1964 fluttist það að Skólavörðustíg 43, þar sem það er enn þann dag í dag.

Til að byrja með var leirinn sem notaður var í Listvinahúsinu íslenskur. Var hann m.a. fenginn úr Búðardal og af Reykjanesinu. Til að hægt væri að nýta leirinn til framleiðslu leirmuna þurfti að taka hann í gegnum leirvél, sem fyrst um sinn var staðsett í Listvinahúsinu á Skólavörðuholtinu. Í kringum 1948 var leirvinnslan flutti sunnan megin í Öskjuhlíðina, þar sem notaðar voru danskar leirvinnsluvélar sem þar höfðu verið settar niður. Íslenski leirinn var notaður í Listvinahúsinu til 1964, eða allt þar til farið var að flytja inn leir.

Ymsar tegundir glerunga hafa í gegnum tíðina verið notaðir í Listvinahúsinu. Fyrst um sinn var Greiner glerungur fluttur inn frá Þýskalandi og notaður á leirmunina. Á árunum 1930-1950 var notaður glerungur frá Englandi sem hét Blyth Color Works. Síðar var notaður danskur glerungur frá M.O. Knudsen og loks Degussa glerungur frá Þýskalandi.

Hægt er að skipta leirimunum Listvinahússins í tvennt. Annars vegar voru útbúnir hlutir úr mótum (þrykkir) og hins vegar renndir munir. Þrykkur hlutirnir voru m.a. stytur hverskonar; t.d. spendýr og fuglar, auk kertastjaka, öskubakka, o.þ.h.

Renndu munirnir voru t.d. skálar, vasar og krukkur. Voru þeir hlutir



Guðmundur Einarsson á góðri stundu í Listvinahúsinu

gjarnan útskornir og skreyttir á ýmsan hátt, t.d. með íslenskum steinum. Í dag eru leirmunirnir enn renndir á snúningskífum í Listvinahúsinu, en hætt var að nota mótin sírka 1980. Ekki eru til sölu í Listvinahúsinu í dag gamlir leirmunir. Hins vegar er vel hægt að hafa samband, eða koma við, og fá ráðleggingar um gamla muni, hvort sem það er vegna víðgerða eða annars. Allir leirmunir Listvinahússins í dag eru handgerðir og þar með einstakir. Þeir eru af ýmsum toga. Sumir eru útskornir, aðrir eru með hrauni, margir eru holir svo hægt sé að

setja kerti inni þá. Má þar m.a. nefna víkinga og ljós. Í Listvinahúsinu er að finna handgerða muni úr fyrsta flokks hráefnum. Mikill metnaður er lagður í hvert smáatriði og þannig fást einstakir mótelsmiðaðir leirmunir.

Fyrsti leirbrennsluofninn í Listvinahúsinu kom til Íslands 1930. Hann var kolakynntur. Rafmagnsofn var svo byggður árið 1940. Ofninn var smíðaður á staðnum og var hann gólf-fastur. Ofnarnir sem í dag eru notaðir í Listvinahúsinu eru tveir Podmore ofnar sem keyptir voru 1975.

Fjöldi manns hefur starfað í Listvinahúsinu í gegnum tíðina. Auk Guðmundar frá Miðdal vann Lydia Pálsdóttir eiginkona hans í Listvinahúsinu. Hún hafði lært leirkerasmiði í Þýskalandi áður en hún kom til Íslands. Auk þess að renna leirmuni skar hún út og málaði. Ýmsir aðrir unnu í Listvinahúsinu, ýmist sem leirkerasmiðir, lærlingar eða aðstoðarfólk. Má þar m.a. nefna Svein Einarsson, bróðir Guðmundar, Baldur Ásgeirsson, Ragnar Kjartansson og Einar, son Guðmundar. Fjöldi annarra komu að leirmunagerðinni og afgreiðslu í Listvinahúsinu.

Árið 1955 tók sonur Guðmundar, Einar, við fyrirtækinu. Hann breytti eftir það nokkuð um stíl; vasar og aðrir hlutir urðu nútímalegri í lagi og lit. Á árunum 1971 til 1975 lærði sonur Einars, Guðmundur, til leirkerasmiðs og keypti svo af föður sínum fyrirtækið árið 2004 – eftir að hafa unnið þar samhlíða föður sínum í mörg ár. Samfellt frá stofnun hefur fyrirtækið verið starfandi og má því með sanni segja að Listvinahúsið sé elsta listasmíðja landsins. Allt frá stofnun hefur sama fjölskyldan rekið fyrirtækið, í beinan karllegg, í þrjár kynslóðir.

Útgefandi: Fjölmíla- og hugmyndahúsið ehf.
Ritstjóri: Eiríkur Einarsson
Umbrót: Grafíker ehf.
Prentun: Landsprent
Sími: 699 77 64
Auglýsingar: midborgin@gmail.com

Tapasbarinn – sjóðheitur í 17 ár

Tapasbarinn hefur verið eitt vinsælasta veitingahús landsins frá opnun staðarins árið 2000 og er aðalsmerki staðarins ekki aðeins gömsætar veitingar heldur einnig lifandi og skemmtileg stemning.

Á Tapasbarnum getur þú smakkað fjölda gömsætra tapasréttá, saltfisk, paellu, humar, lunda og miklu, miklu fleira. Lamb í lakkrissösu og beikonvafinn hörpuskel og döðlur er eitt hvað sem allir verða að smakka, að ógleymdum gömsætu hvítlauksbökuðu humarhólunum sem hafa verið einn vinsælasti réttur staðarins frá opnun.

Reykjavík Grapewine valdi á dögnum Tapasbarinn sem besta staðinn til að heimsækja með hóp, annað árið í röð. Gallerí salurinn á Tapasbarnum hentar frábærlega fyrir hópa, stóra sem smáa og býður staðurinn upp á fjölbreytt úrval hópmatseðla.

Það er alveg tilvalið að kíkja á Tapasbarinn eftir bíó eða tónleika í síðbúin kvöldverð því eldhúsið er opið til kl. 01:00 um helgar og 23:30 virka daga.



Lifandi tónlist og grill á Menningar-nótt!
Tapasbarinn opnar fyrir á Menningar-nótt, kl.15:00, og verður sjóðheitt grill fyrir utan staðinn.

Einnig mun hljómsveitin Azúcar,

með söngkonuna Margréti Rán í broddi fylkingar, spila sjóðheita salsa og latin tóna kl. 17 – 18:30.

Það er um að gera að kíkja við á röltinu og fá suðræna stemningu í kroppinn.



„LATE DINNER“ Á TAPASBARNUM

Eldhúsið okkar er opið til **01.00** um helgar og **23.30** virka daga



Vesturgötu 3B | Sími 551 2344 | www.tapas.is

Marmot
ÞÚ FINNUR MUNINN!



Marmot SCARPA Smartwool PETZL Black Diamond Julbo

Kringlan 7 | Laugavegur 11 | Reykjavíkurvegur 64 | S: 510 9505 | fjallakofinn.is



Menningarnótt 2017-tónlistar og menningarveisla

• **Seðing og vígsla við Veröld-hús Vigðisar**

• **300 viðburðir**

• **Akranes er gestabær Menningar-nætur**

• **Drjú stór tónleika-svæði og tónleika-veisla um miðborg**

• **Hlemmur er áherslusvæði**

Menningarnótt 2017 verður haldin í 22. skipti laugardaginn 19. ágúst. Í ár verður hátíðin ein allsherjar tónlistar og menningarveisla en í miðborginni verður boðið uppá þrenna stórtónleika og yfir hundrað tónlistarviðburðir verða um alla borg. Frítt er inná öll söfn í miðborginni sem bjóða uppá afar fjölbreytta dagskrá. Leikarar, dansarar og fjöllistafólk verða með uppkomur og íbúar bjóða víða uppá dagskrá í húsa- og göðum og sundum. Hlemmur er áherslusvæði Menningarnætur í ár en þar hefur verið mikil uppbygging síðustu misseri og boðið verður uppá fjölda áhugaverðra viðburða á svæðinu. Akranes er gestabær Reykjavíkur á Menningarnótt og mun af því tilefni bjóða uppá fjölbreytta dagskrá á veitingastaðnum Messanum við Sjóminjasafnið. Ad venju er frítt í Strætó og Flugeldasýningin verður á sínum stað á Austurbakka. Á Menningarnótt er sérstök áhersla lögð á að fjölskyldan njóti samveru, komi saman í bæinn og fari heim saman. Hægt er að nálgast alla viðburði á Menningarnótt á menningarnott.is.

Setning og vígsla við veröld-hús Vigðisar
Setning Menningarnætur 2017 fer fram við Veröld – hús Vigðisar kl. 12.30. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri setur hátíðina. Við það tilefni vígir Jón Atli Benediktsson rektor Háskóla Íslands torgið og frá Vigðis Finnboga-dóttir gróðursetur tré. Samstarfssamningur milli Reykjavíkurborgar og Vigðisarstofnunar – alþjóðlegrar miðstöðvar tungumála og menningar við Háskóla Íslands verður undirritaður. Hljómsveitin Skuggamyndir frá Býsans sér um að skemmta fólk fyrir setninguna og Múltikúltíkórinn undir stjórn Margrétar Pálsdóttur flytur tónlist að henni lokinni.

Tónaflóð Rásar 2 á Arnarhóli
Tónaflóð Rásar 2 verður að venju með glæsilega dagskrá á Arnarhóli en yfirskrifit tónleikanna er Eitthvað fyrir alla. Þau sem fram koma eru Reykjavíkurdætur, Friðrik Dór, Svava Björgvins og hljómsveitin Síðan skein sól slær svo botninn í veisluna af sinni alkunnu snilli. Tónleikarnir hefjast kl. 20 og standa til kl. 23 eða fram að flugeldasýningu Menningarnætur.

Garðpartý Bylgjunnar í Hljómskálagarðinum
Bylgjan verður með víðstöðulausa tónlistarveislu í Hljómskálagarðinum frá kl. 18-22:45. Veislan hefst með grillveislu og síðan tekur tónlistin við. Þau sem koma m.a. fram eru Jónas Sig og Ritvélar framtíðarinnar, Baggalútur, Dikta, Sycamore tree, Elisabet Ormslev, Birgir, Ása, RAVEN og Aron Hannes.

Hip Hop hátíð Menningarnætur á Ingólfstorgi
Hip Hop hátíð Menningarnætur eru einu tónleikarnir á Menningarnótt sem einblína einungis á Hip Hop. Hátíðarhaldarar lofa afar góðri skemmtun þar sem úrval margra listamanna koma fram á milli kl. 17-23. Dansskóli Brynju Péturs byrjar skemmtunina með glæsilegu dansatriði.

Tónlistarveisla í miðborginni
Menningarnótt er ein allsherjar tónlistarveisla



og verður yfir hundrað tónleikum slegið upp um miðborgina. Má þar nefna að Reykjavík Custom Bike Show verður haldið milli Tryggvagötu og Hafnarstrætis þar sem hægt verður að hlusta á rokk og ról, í Hörpu verður m.a. hægt að njóta Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Súkkulaðikókuóperu, Blúshátíðar í Reykjavík og Sönghópsins Spectrum. Í Hallgrímskirkju verður boðið upp á sálmafoos og í Löndu ætla níu bílskúrshljómsveitir að troða upp, þar verður jafnframt slegið upp veglegri blúsveislu. Einu allsherjar Karnivali verður slegið upp á horni Klapparstígs og Hverfisgötu þar sem hægt verður að skemmta sér við tónlist fjölmargra skemmtikrafta. Fjölmargir tónleikar verða haldnir í Petersen svitunni í Gamla bíói, Dillon, Mengi, Húrri, Hannesarholti og Kex Hosteli. Hitt húsið verður með veglega dagskrá þar sem tónlistarmenn og listamenn koma fram og stendur dagskráin frá 13:45-19. Fyrir þá sem vilja halda sína eigin tónleika verður hægt að syngja í útikaróki hjá tvíeykinu Hits&Tits við útitaflöð við Bernhöftstorfu.

Leikur og dans
Hægt verður að stíga sporið, sjá leiklist og sviðslist víða um miðborgina. Á Hlemmi verður boðið uppá sýndarveruleika sem fjallar um að festast inni ósýnilegum kassa. Einn áhorfandi í einu fær að njóta upplifunarinnar. Í Tjarnarbíói verður Koddahljá þar sem gestum er boðið að koma sér vel fyrir í rúmunum frá Rauða krossinum og hlusta á frásagnir af reynslu flóttafólks og hælisleitenda. Í Þjóðleikhúsinu verður fimm klukkutíma spunamaraþon frá hinum magnaða hópi Improv Íslands. Hægt verður að læra salsa á Lækartorgi og Æskusirkusinn – Fjöleikhúsið verður á Klambratúni. Í Safnahúsinu verður leiklestur sem nefnist Spegill samfélagsins 1770 þar sem hægt verður að skyggast inni líf landans fyrir tæpum tveimur öldum. Leikhópurinn Lotta treður upp í Hallargarðinum og í Þjóðminjasafninu verður hægt að sjá dansveislu frá Balkanskaganum.

Söfn og sýningar - Frítt inn
Frítt er inná öll söfn í miðborginni á Menningarnótt og verður opið frá morgni til kvölds. Gjörmingur Ragnars Kjartanssonar Kona í e-moll verður fluttur á sýningu hans í Hafnarhúsinu og farnar verða örleiðsagnir með jöfnu millibili um sýninguna, Íslensk erfðagreining býður uppá 100 ára afmælisýningu á verkum Kristjáns Davíðssonar þar sem hægt verður að sjá verk sem hafa aldrei verið sýnd áður á opinberum vettvangi. Haldinn verður ratleikur fyrir börn og fulloröna í Gallerí Fold og þar ætla listakonurnar Katrín Matthíasdóttir, Þórunn Bára Björnsdóttir, Abba og Soffía Sæmundsdóttir að vinna að verkum sínum og spjalla við gesti. Listamaðurinn Snorri Ásmundsson opnar sýningu sína Mulieres Praestantes í Hannesarholti og Rússneska rétttrúnaðarkirkjan heldur íkonasýningu. Gallerí Port býður til myndlistarveislu þar sem haldin verður samsýning ungra og upprendandi íslenskra myndlistarmanna. Á Kjarvalsstöðum verður hægt að taka þátt í gerð

langrar landslagsmyndar og nefnist smíðjan Lengsta landslagið. Þar verður jafnframt ratleikur um útilistaverkin við húsið og boðið uppá örleiðsagnir um sýningu á verkum Louisu Matthíasdóttur. Á safni Ásgríms Jónssonar verður leiðsögn um sýninguna Ögnvekjandi náttúra. Á Þjóðminjasafninu verður



breytt dagskrá frá morgni til kvölds þar sem hægt verður að fræðast um sýningarnar á safninu og taka þátt í alls kyns viðburðum eins og að læra að gera Fluglafit, fara í teygjutvist, taka þátt fuglaratleik og finna út hversu þverþjóðlegur maður er.

Allskonar á Menningarnótt
Fjölmargir aðrir viðburðir eru í boði á Menningarnótt og má þar nefna að JCI húsið í Hel-lusundi stendur fyrir flóamarkaði til þess að stýðja við verkefnið The World Cleanup Day 2018. Í Múlti Kúlti á Barónstíg verður Róttæki sumaraháskólinn með fyrirlestraröð þar sem fjallað er um málefni úr samtímanum sem brenna á fólk. Sendistofa Færeyja býður heim milli kl. 14-17 og ætla borgarstjóri Tórshavnar, Annika Olsen að opna húsið. Marentza Poulsen reiðir fram færeyyskt góðgæti og Stanley Samuelson spilar skemmtilega tónlist.

Borgarbúar bjóða í bæinn
Sú skemmtilega hefð hefur skapast á Menningarnótt að nokkrir íbúar Þingholtanna bjóða gestum og gangandi á heimili sín eða garða í vöflur og kaffi. Að sjálfsgöðu verður haldið í þessa venju í ár. Heimilin sem bjóða til veislu í ár eru: Öðingsgata 8b, Þinghóltsstræti 27,3h Ingólfsstræti 19, Hellusund 3, Grettisgata, 26 og Mímisgata 2.

Flugeldasýningin
Flugeldasýning Menningarnætur í ár er í boði Reykjavíkurborgar og verður að venju glæsileg. Sýningin fer fram á Austubakkanum við Hörpu kl. 23 en það er Hjálparsvæiti skáta í Reykjavík sem sér um skipulag og framkvæmd hennar ásamt Höfuðborgarstofu.

Mælt er með því að áhorfendur staðsetji sig á Arnarhóli til að njóta sýningarinnar sem best.

Götulokanir
Á Menningarnótt er miðborgin ein allsherjar göngugata og verður því lokuð fyrir bílaumferð frá kl. 07:00 að morgni til 02:00 eftir miðnætti. Það er gert til þess að tryggja öryggi gangandi og akandi vegfaranda á þessum fjölsóttasta hátíðardegi ársins. Gestir Menningarnætur eru hvattir til að ganga, hjóla eða nota almenningssamgöngur til að komast á hátíðarsvæðið. Þeir sem þurfa að koma á einkabil er bent á að nota bílastæði við Borgartún þar sem ókeypis strætóskutlur aka fólk til og frá hátíðarsvæðinu frá kl. 7:30-1:00. Eins og lög gera ráð fyrir verður sektað fyrir öloglegar bílastöður og þeir bílar sem hindra aðgengi lögreglu, sjúkrahúla og slökkviliðs verða dregnir í burtu svo unnt sé að tryggja aðgengi þessara öryggisaðila ef óhapp ber að. Hægt er að nálgast kort yfir götulokanir á vefsíðu Menningarnætur eða í símaveri Reykjavíkurborgar frá kl. 8-23, s.411-1111.

Frítt í Strætó á Menningarnótt
Ókeypis verður í Strætó sem keyrir samkvæmt hefðbundinni leiðartöflu fram til kl. 22:30. Þá tekur við sérstök leiðartafla sem miðar að því að koma fólk hratt og örugglega heim úr miðborginni. Hægt er að finna nánari upplýsingar um leiðarkerfi þeirra vagna Strætó sem aka í miðborgina á vef Strætó. Á Menningarnótt er boðið uppá ókeypis strætóskutlur sem aka reglulega til og frá Borgartúni og að Hallgrímskirkju með viðkomu á Hlemmi. Þessi þjónusta hefur mælst vel fyrir síðustu ár en einkunnarorð hennar eru: Legðu fjær til að komast nær.

Aðgengi og þjónusta
Sérstök bílastæði fyrir fatlaða og hreyfihamlaða eru á Skúlagötu, Túngötu og við Tækniskólann. Einnig verður hægt að taka leigubíl inn á Skólavörðuholt, Skúlagötu, Túngötu og BSÍ. Sérstök salerni fyrir fatlaða eru á nokkrum stöðum á hátíðarsvæðinu. Nánari upplýsingar eru á vef Menningarnott.is.

Menningarnæturpotturinn
Landsbankinn hefur verið mættarstölpur Menningarnætur frá upphafi. Árið 2008 hófu Landsbankinn og Höfuðborgarstofa samstarf um Menningarnæturpott Landsbankans en í hann er hægt að sækja um styrki til viðburðarhalds á Menningarnótt. Alls sóttu 70 um styrki í ár og 26 fengu úthlutað. Sérstök menningardagskrá verður einnig í útbúi bankans í Austurstræti 11 eins og fyrr í ári.

Framkvæmd og skipulag Menningarnætur:
Höfuðborgarstofa heldur utan um undirbúning, skipulag og framkvæmd Menningarnætur í samstarfi við önnur svið borgarinnar, stofnanir, listamenn, félagasamtök og fjölda annarra. Bakhjarl Menningarnætur er Landsbankinn sem styrkir viðburði gegnum umsóknir í Menningarnæturpottinn.



Það er frítt í strætó á Menningarnótt og við skutlum þér úr bænum til kl. 1 um nóttina.

Ef þú ætlar á bíl er snjallt að leggja honum í nágrenni við Borgartún, því þar verða vagnar á ferðinni fram og til baka niður í bæ.

Kort og allar nánari upplýsingar um akstur Strætó á Menningarnótt færðu á straeto.is.

Alltaf gaman í Fjallakofanum, líka á Menningarnótt! Súpa, sólgleraugu og Scarpa skór

Þegar Miðborgarpósturinn hafði samband við Gunnar Hjálmarsson, aka Dr. Gunna, verslunarstjóra Fjallakofans, Laugavegi 11, var hann á fullu við að undirbúa helgina.

„Það var svaka straumur á Hinsegin dögum og við verðum við öllu búin á Menningarnótt. Sjálfur forstjóri samsteypunnar, Halldór Hreinsson, ætlar að standa vaktina frá hádegi, en annars erum við með opið frá kl. 10 – 17, eins og alla aðra laugardaga. Ef einhver verður eftir í menningarstuði daginn eftir, á sunnudaginn, þá opnum við kl. 12 og verður að til kl. 18 – eins og alla aðra sunnudaga, árið um kring.“

Gunnar segir að ekki hafi unnist tími til að slá upp menningardagskrá í Fjallakofanum.

„Því miður er bara alltaf svo mikill straumur í gegnum búðina af túrhestum af öllum sauðahúsum og þessum sirka 10% sem eru innfæddir hér að okkur láðist að hringja í Halla og Ladda,“ segir hann og kímur. „En við verðum að sjálfsgöðu menningarleg, eins og alltaf svo sem, og Halldór forstjóri getur glímt við gesti ef þeir þora. Hér eru þægileg viðargólf til að hrynja niður á eftir að Halldór tekur gesti á snöggum hælkrók. Hmm... Svona eftir á að hyggja hefðum við frekar átt að bjóða upp á þetta atriði á Hinsegin dögum; glíma er náttúrlega ofast tveir karlmenn í síðum nærbuxum í mjög nánum kynnum,“ segir hann kerknislega og hugsar.

Á hvað á svo að leggja áherslu í búðinni á Menningarnótt?



Verslunarstjórinn Gunnar við súpudeildina. Gleraugun á hausnum og til í smáa letrið.

„Tja, við erum náttúrlega með frábæran og vandaðan fatnað hér, sem gengur jafnt á fjöllum sem og á Menningarnótt. Fátt er betri á fæturnar þegar maður gengur mikið, eins og á þessum degi – en Scarpa Mojito skórnir, sem slegið hafa í gegn á Íslandi. Við erum



Undirmenn Gunnars á Hinsegin dögum stilla sér upp: Kristófer, Ingibjörg og Sara Song.

held ég með alla liti af þeim, þar á meðal þrjár mismunandi týpur af bleikum. Svó dettur mér í hug frábært úrval af Julbo sólgleraugum en veðurguðirnir verða að ákveða hvort þörf verði á slíku, sjáum til. Multimat litlar dýnur á þúsund kall eru full-

komnar til að sitja á grasi og svoleiðis, og svo bara; ef fólk vill elda sér súpu í Hljómskálagarðinum þá eigum við allt í það – meira að segja súpunar!“, segir Gunnar Hjálmarsson, verslunarstjóri sem þekkir það mæta vel hvernig á að elda og matreiða súpunar.

Eftirsótt íslensk úr frá JS Watch co. Reykjavík

JS Úrin eru íslensk frá grunni, þau eru hönnuð á teiknborði JS hér heima og allir íhlutir sérframleiddir í sérhæfðum verksmiðjum í Þýskalandi og Sviss. Þá eru úrin sett saman hér á landi undir ströngu gæðaeftirliti Gilberts Ó. Guðjónssonar úrsmiðameistara sem nýtir áralanga þekkingu og reynslu sína af úrsmíði til að tryggja að hvert og eitt úr standist ströngustu kröfur. Frá upphafi framleiðslunnar hefur verið leitast við að sameina, glæsilega hönnun, gæði, fyrsta flokks úrverk og falleg armbönd. Vönduð úr eru munaðarvara og fylgihlutur sem bæði karlmenn og konur njóta þess að velja, bera og eiga. En úr er ekki bara skartgripur. Það er nýttahlutur sem hjálpar okkur að gegna skyldum okkar, halda loforð og skapa góðar minningar. Sérstaða úrana á íslenskum markaði gerir það að verkum að erlendir gestir og úrasafnarar sækjast gjarnan eftir úrunum. Það eru margir frægir sem bera úr frá JS en vitaskuld líka almennir allur. Meðal þekktara einstaklinga má þó til gamans nefna Quentin Tarantino, Jude, Law, Viggo Mortensen, Elvis Costello, Constantine Grikklandskonung, Yoko Ono, Sean Lennon, Dalai Lama og Tom Cruise. Vörulína JS Watch co. Reykjavík fer ört stækandi og úrval úra aldrei verið meira. Nánari upplýsingar um úr og hönnun má finna á www.gilbert.is



Jón og Óskar Sérfræðingar í giftingarhringum



Jón & Óskar er alhiða skartgripa-, úra- og gjafavörverslun sem var stofnsett árið 1971 og er því 46 ára um þessar mundir. Lengst af rak fyrirtækið eina verslun við Laugaveg 61 í Reykjavík en nú hafa bæst við verslanir í Smáralind og Kringlunni.

Sigildir hringar alltaf vinsælir Einbaugar, þessir sigildu og klassísku hringar hafa alltaf verið mjög vinsælir hjá Jóni og Óskari. Þá má fá bæði í gulu og hvítu gulli og misjafnlega breiða. Jafnframt koma þeir í mismunandi þykkt og stundum eru þeir kúptir að innan sem mörgum finnst þægilegra. Hinn klassíski einbaugur er mjög fallegur á hendi og fer vel með öðrum hringum.

Hjá Jóni og Óskari hefur alltaf verið lögð mikil áhersla á að þjóna viðskiptavinum í trúlofunar- og giftingarhugleiðingum og eftir þennan langa tíma sem fyrirtækið hefur starfað er óhátt að fullyrða að stór hluti Íslendinga ber í dag hringa frá fyrirtækinu. Það má áætla að

Demantar í giftingarhringum Undanfarin ár hefur það orðið sífellt algengara að fólk velji að setja demanta í giftingarhringana og þá einkum kvenhringinn. Demantur glæðir hringinn lífi og eykur á fegurð hans.

Demantshringur sem trúlofunarhringur Ameríska hefðin, þ.e.a.s. að daman setji upp demantshring við trúlofun hefur einnig verið að aukast mikið á vinsældum undanfarin misseri. Þegar þessi leið er valin setur karlmaðurinn

ekki upp hring en konan setur upp demantshring þegar hennar er beðið.

Skemmtilegustu viðskiptavinirnir Hjá Jóni og Óskari eru þeir viðskiptavinir sem kaupa trúlofunar- og giftingarhringi í miklu uppáhaldi. Þeir hafa ákveðið að treysta fyrirtækinu fyrir kaupum sem eiga að endast alla ævi og sú ákvörðun þeirra er tekin mjög alvarlega. Starfsmenn fyrirtækisins eru tilbúnir að leggja sig alla fram til að valið á hringunum verði sem auðveldast og að ánægja ríki með kaupin.

Handprjónasambandið selur vörur úr íslenskri ull sem framleiddar eru á Íslandi

Nú er sumri farið að halla og flestir búnir að njóta þess að eiga sumarfrí og komnir úthvildir og endurnærðir tilbaka.

Þetta sumar hafa fleiri ferðamenn heimsótt Ísland en nokkru sinni fyrr. Vonandi fara þeir heim með jákvæðar minningar um Íslandsferðina. Þó tilgangur flestra ferðamanna sem koma til Íslands sé að njóta sérstöðu íslenskrar náttúru þá er það staðreynd að flestir eyða nokkrum dögum í Reykjavík og aðallega í miðbænum það sjáum við ef við göngum um miðbæinn.

Þó ýmislegt megi betur fara þá hafa borgaryfirvöld gert heimikið til að gera miðbæ Reykjavíkur aðlaðandi fyrir ferðamenn og þá mörgu heimamenn sem gjarna vilja njóta þess sem miðborgin hefur að bjóða. Af öðrum götum ólöstuðum þá er Skólavörðustígurinn sú gata þar sem hvað best hefur til tekið með endurbætur. Þar er líka að finna ótrúlega fjölbreytt úrval af verslunum og veitingahúsum en Hallgrímskirkja á

Skólavörðuholti dregur til sín mikinn fjölda ferðamanna sem fara um götuna. Á Skólavörðustíg 19 er verslun Handprjónasambandsins sem opnuð var í nóvember 1977 og hefur því verið hluti af þessari ágætu götu í næstum 40 ár. Handprjónasambandið er félagskapur

handprjónafólks sem drýgir heimilistekjurnar með því að prjóna vörur úr íslenskri ull, vörurnar eru síðan seldar í versluninni á Skólavörðustíg og einnig í Borgartúni 31 en þar er verslun, lager og skrifstofa. Frá stofnun hefur slagorð Handprjónasambandsins verið „kaupið handunnar vörur af þeim sem framleiða þær“ eða á ensku; „buy directly from the people who make it“. Það slagorð hefur á síðustu árum fengið enn sterkari merkingu eftir að inn á markaðinn hafa komið „íslenskar lopapeysur“ sem eru ekki framleiddar á Íslandi heldur erlendis í ótilgreindum löndum. Ekki hafa ennþá verið innleiddar reglur hér á landi sem gera skyldt að allar vörur sem boðnar eru til sölu skulu bera þess merki hvar þær eru framleiddar þ.e. með upp-runavottorði.

Þó skal matvara vera upprunamerkt og við eigum ekki að geta keypt okkur kjötbita í matinn nema geta séð hvaðan hann kemur og helst frá hvaða framleiðanda. Þetta á því miður ekki við um iðnaðarvörur eins til dæmis vörurnar úr íslensku ullinni sem margir telja og trúa að sé eingöngu framleiddar á Íslandi. Undarlegt að stjórnmöld á hverjum tíma virðast ekki sýna því áhuga að stöðja við íslenska framleiðendur á þennan hátt en gera þvert á móti auðveldara og ódýrara að láta framleiða vörur í þeim löndum þar sem verkafólk býr við léleg kjör og



slæmar vinnuáætlaðir. Sem betur fer eru margir fatahönnuðir og framleiðendur sem láta þess getið í hvaða landi varan er framleidd þó hönnunin sé íslensk. Það á ekki við um sumar þær lopapeysur og margar aðrar vörur úr íslenskri ull sem boðnar eru til kaups hér á landi. Viðskiptavinir hvort sem það eru Íslendingar eða erlendir ferðamenn sem hingað koma spyrja oft hvort peysurnar sem þeir hugsa sér að kaupa séu framleiddar á Íslandi og sem betur fer láta það oft ráða úrslitum við kaupin.

Þessir sömu viðskiptavinir hafa þó ekkert annað en orð afgreiðslufólksins og slagorð félagsins því til staðfestingar að varan sé framleidd á Íslandi. Það hlýtur því að fara að því að um fataiðnaðinn gildi sömu reglur og um matvælin. Á Menningarnótt ætlar Handprjónasambandið að samfagna og minnst 40 ára afmælis félagsins við nýja húsnæðið sitt í Borgartúni 31 frá kl. 13.00-16.00. Þar verðu boðið upp á pönnukökur og kaffi, næg bilastæði.

Dagskrá Menningarnætur 2017

08:40 - 14:40

Reykjavíkumaraþon Íslands-banka

Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka fer fram í 34. sinn laugardaginn 19. ágúst 2017. Hlaupið hefst og endar í Lækjargötu. Hægt er að velja á milli fimm mismunandi vegalengda og því ættu allir aldursflokkar og getustig að finna eitthvað við sitt hæfi.

Vegalengdir í boði eru: maraþon, hálfmaraþon, 10 km hlaup, skemmtiskokk og barnahlaup. Skráning og allar nánari upplýsingar má finna á http://marathon.is/reykjavikumaraton Hlaupurum er bent á að nýta sér Strætó eða skutluþjónustu.

Strætó þar sem miðbærinn verður lokaður vegna hlaupsins og Menningarnætur. Sjá nánar hér: http://menningarnott.is/upplysing-ar/samgongur

Lækjargata 12, 101 Reykjavík

10:00 - 23:00

Ragnar Kjartansson: Guð, hvað mér líður illa

Sýningin er fyrsta safnsýning Ragnars á heimavelli eftir sigurför á erlendri grundu. Sýningin endurspeglar óð Ragnars til listarinnar í allri sinni dýrð, til tónlistar, leikhúss, kvikmynda, bókmennta og, að sjálfsgöðu, myndlistar. Hylling listamannsins birtist í völdum verkum, frá árinu 2004 til dagsins í dag; lifandi gjörningum, stórum myndbandsinnsetningum, ljósmyndum, höggmyndum, málverkum og teikningum.

Hafnarhús, Tryggvagata 17, 101 Reykjavík

10:00 - 22:00

Louisa Matthíasdóttir: Kyrrð

Viðamikil yfirlitssýning á verkum listakonunnar Louisu Matthíasdóttur (1917-2000) þar sem kaerkomið tækifæri gefst til að fá yfirsýn yfir feril listakonu sem á einstakan hátt hefur túlkað íslenskt landslag. Nærumhverfi hennar varð í langflestum tilfellum efniviður verkanna, hvort sem um var að ræða landslag, uppstillingar eða myndir af henni sjálfri. Hún málaði fjöldann allan af sjálfsmyndum, eins málaði hún gjarnan vini og vandamenn við leik og störf. Uppstillingar hennar innan af heimilinu málaði hún í hreinum og tærum litum og formum. Verk hennar hafa yfir sér ákveðna kyrrð og hreinleika sem endurspeglar e.t.v. persónu listakonunnar og yfirbragð. Jafnvel þótt hún byggji mestan hluta ævi sinnar fjarri föðurlandinu málaði Louisa margar myndir af íslensku landslagi og Reykvískum götumyndum.

Kjarvalsstaðir, Flókataga 24, 105 Reykjavík

10:00 - 22:00

Kjarval - Lykilverk

Fjöl mörg listaverka Kjarvals eru vel þekkt en ætíð er tækifæri til að endumýja kynnin útfrá nýjum viðhorfum og því ólíka samhengi sem tímans rás færir verkunum. Viðhorf manna til listar taka breytingum jafnframt því sem umfjöllunarefni Kjarvals hljóta stöðugt nýtt vægi í samhengi hvers tíma. Sem dæmi má nefna túlkun hans á íslenski náttúru og þá næmu náttúruskynjun sem lesa má úr verkunum. Upplifun manna af túlkun hans á landinu hlýtur að vera háð ólíku virði þess í huga hvers og eins. Er virðið fólgið í fegurðinni, fegurðarinnar vegna, í duldu lífi sem í henni býr, í möguleikum okkar á að nýta náttúruna eða í þeim hverfuleika sem mörgum finnst blasa við nú á tímum loftslagsbreytinga? Hver og einn upplifir verkin á eigin forsen-

dum útfrá ríkjandi tíðaranda og persónulegri sýn.

Kjarvalsstaðir, Flókataga 24, 105 Reykjavík

10:00 - 23:00

Gjörningur: Kona í e-moll

Gjörningurinn Kona í e-moll sem er hluti af sýningu Ragnars Kjartanssonar Guð, hvað mér líður illa. Í miðjum hring úr gylltum strímlum stendur kona í palliettukjól eins og lifandi stytta á snúningspalli. Hún er með Fender-rafmagnsgítar um öxl tengdan magnara og þegar hún slær á strengina ómar e-moll hljómur um sýningarsalinn. Hljómurinn er angurvær en um leið ágengur, einkum hér þar sem hann er endurtekinn í sífellu án tilbrigða.

Hafnarhús, Tryggvagata 17, 101 Reykjavík

11:00 - 18:00

100 ára afmælisýning á verkum Kristjáns Davíðssonar

Opnun á einstakri 100 ára afmælisýningu á verkum listmálarans Kristjáns Davíðssonar. Mörg af verkunum eru úr einkasafni fjölskyldu Kristjáns og hafa aldrei verið sýnd áður á opinberum vefvangi. Sýningin stendur yfir allan daginn.

Höfuðstöðvar Íslenskrar erfðagreiningar, Sturlugata 8, 101 Reykjavík

12:00 - 22:00

Kassinn / The Box VR

Ímyndaðu þér að einn daginn sértu að rólta um í rólegheitum en ert allt í einu staðsett/-ur inni í ósýnilegum kassa, og þú kemst ekki út. Þá birtist ókunnug manneskja, sem virðist þín eina von um hjálp. En hvernig öðlastu traust þessarar manneskju þegar þú þarft að biðja hana um að mögulega setja sig í hættu við að hjálpa þér? Huldufugl, í samstarfi við tækni sérfræðinga frá PuppIT bjóða upp á gagnvirka leikhúsupplifun innan sýndarveruleika áhorfendur setja upp sýndarveruleika glerauga og heymartöl og eru í beinum samskiptum við leikara sem birtist þeim í rauntíma. Aðeins einn áhorfandi getur notið sýningarinnar í einu, og hver sýning endist í 10-15 mínútur. Hægt er að bóka tímasetningar gegnum heimasíðu Huldufugls fyrirfram, en nokkur laus pláss verða samdægurs.

Hlemmur, Hoerfisgata 117, 105 Reykjavík

12:00 - 14:00

Saga í söng

Það sem gerir söngleikinn að sérstöku frásagnarformi er að leikarinn er ekki sá eini sem túlkar karakterinn. Í undirspilinu leynast alls kyns upplýsingar um áform og þrá persóna og jafnvel undirmeðvitund þeirra. Tónlistin túlkar söguna og litar textann og stundum fylgir hún merkingu textans svo nákvæmlega að ögjörningur er að þýða hann.

Laufásvegur 4, bakgarður, 101 Reykjavík

12:15 - 13:15

Skemmtiskokk - Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka

Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka fer fram í 34.sinn laugardaginn 19.ágúst 2017. Hlaupið hefst og endar í Lækjargötu. Hægt er að velja á milli fimm mismunandi vegalengda og því ættu allir aldursflokkar og getustig að finna eitthvað við sitt hæfi.

Skemmtiskokkið (2-3 km) er frábær vegalengd fyrir fjölskyldur. Ungir sem aldnir geta notið þess að hlaupa saman í einstakri stemningu í miðbænum. Aðrar vegalengdir í boði eru: maraþon, hálfmaraþon, 10

km hlaup og barnahlaup. Skráning og allar nánari upplýsingar má finna á *marathon.is/reykjavikumaraton* Hlaupurum er bent á að nýta sér Strætó eða skutluþjónustu Strætó þar sem miðbærinn verður lokaður vegna hlaupsins og Menningarnætur. Sjá nánar hér: http://menningarnott.is/upplysingar/samgongur

Lækjargata 8, 101 Reykjavík

13:00 - 19:00

Uppboð á netinu

Gallerí Fold og Uppboð.is kynna þau vefuppbod sem nú standa yfir á myndlist og skrautumunum. Vefuppbod á myndlist, grafíkverkum og skrautumunum standa yfir á vefnum Uppboð.is. Listaverkin og skrautmunirnir verða til sýnis á sérstakri sýningu í Gallerí Fold.

Gallerí Fold, Rauðarárstígur 14, 105 Reykjavík

13:00 - 19:00

Eigðu eða leigðu

Gallerí Fold kynnir vaxtalausau kaupleigu á listaverkum. Auðveld og vinsæl leið til að eignast listaverk. Þú velur verkíð og getur fengið það leigt í allt að 36 mánuði. Að leigutímanum loknu átt þú verkíð.

Gallerí Fold, Rauðarárstígur 14, 105 Reykjavík

13:00 - 14:00

Díalektísk útímessu

Vésteinn Valgarðsson, forstöðumaður Dia-Mats, segir frá félaginu og starfsemi þess, og einkum díalektískri efnishyggu sem lífskoðun. Að framsögunni lokinni verða frjálсар, fjórugar og fróðlegar umræður sem hafa þann tilgang að allir viðstaddir læri eitthvað af þeim. Boðið verður upp á messukaffi. Samkomur félagsins eru barnvænar og þess vegna höldum við okkar fyrstu útímessu við hlíðina á róluvelli.
:)

Arnarhöll, við jaðar róluvallarins, 101 Reykjavík

13:00 - 15:00

Ratleikur fyrir börn og fullorðna

Leikurinn felst í að finna listaverk sem sýnd eru í galleríinu. Við hvert þeirra er lítil frásögn og í henni bókstafur sem er hluti af orði sem gestir eiga að finna út. Dregið er úr réttum lausnum og heppinn þátttakandi fær listaverkabók í verðlaun.

Gallerí Fold, Rauðarárstígur 14, 105 Reykjavík

13:00 - 15:00

Listamaður að störfum - Soffía Samundsdóttir

Soffía Sæmundsdóttir vinnur að verkum sínum og spjallar við gesti. “Ég lit á málverk mín sem litlar sögur eða augnablik. Ferðalan-garnir sem tilheyra þessum myndheimi sé ég sem einkonar sögupersónur sem geta farið það sem þeir vilja og tilheyra óræðri sögu á einhverjum tíma. Ég heillast af trúnu sem efnivið og finnst það opna óendanlega möguleika og undirstríka tímaleysið sem ég sækist eftir. “Segir Soffía um málverkin sín.

Gallerí Fold, Rauðarárstígur 14, 105 Reykjavík

13:00 - 15:00

Listamaður að störfum - Abba

Abba vinnur að verkum sínum og spjallar við gesti. Abba lærði myndlist, myndskreytingu og hönnun í Helsingborg í Svíþjóð og við Myndlista- og handiðaskóla Íslands. Myndir Öbbu draga fram alla þessa dulúð án þess þó að binda sig við goðsögurnar sjálfar. Myndirnar segja sína eigin sögur og á þeim er mög persónulegur blær.

Gallerí Fold, Rauðarárstígur 14, 105 Reykjavík

13:00 - 22:00

Froðildisferðalag í Safnahúsinu

Í Safnahúsinu við Hverfisgötu stendur yfir sýningin Sjónarhorn – ferðalag um íslenskan myndheim. Barnafjölskyldur geta fundið, á ferð sinni um sýninguna, ýmsa staði þar sem má leika, snerta og rannsaka. Þessir staðir eru vaktaðir af Fróðildinu, litilli vængjaðri veru sem hvetur börn til að staldra við. Verið velkomín í Fróðildisferðalag um Sjónarhorn í Safnahúsinu á Menningarnótt.

Safnahúsið, Hverfisgata 15, 101 Reykjavík

13:00 - 17:00

Snorri Ásmundsson: opnun Mulieres Praestantes

Myndlistamaðurinn Snorri Ásmundsson opnar nýjustu sýningu sína Mulieres Praestantes í Veitingastofum Hannesarholts. Titill sýningarinnar þýðir ‘Yfirburðakonur’ og er til heiðurs sterkra kvenna í menningar sögunni. Opnunin hefst hátíðlega kl. 16:00, en sýningin verður opin daglega frá 11:30 til 17:00. Sýningin stendur til 18. september og er sölusýning.

Hannesarholt, Grundarstígur 10, 101 Rok.

13:00 - 19:00

Safnarinn

Safnarinn – leiðin til að eignast listaverk á auðveldan hátt. Safnarinn kynnir starfsemi sína og þau listaverk sem eru til úthlutunar í ár. Safnarinn er frábær leið til að eignast eiguelega myndlist. Þú leggur inn 1.000 kr. eða meira mánaðarlega í safnarasjóðinn og færð í staðinn eiguelegt listaverk sem er að minnsta kosti virði þess sem lagt hefur verið inn á tímabilinu.

Gallerí Fold, Rauðarárstígur 14, 105 Reykjavík

13:00 - 22:00

Þjóð verður til - grunnsýning Þjóðminjasafns Íslands

Saga þjóðarinnar er rakin í tímaröð frá landnámi til dagsins í dag. Sögunni er skipt nokkuð jafnt í sjö tímabil og þannig er varpað ljósi á þau skeið sem í hefðbundinni sögutúlkun hafa gjarnan fallið í skuggann af þeim glæstari. Hvert tímabil er auðkennt með sérstökum skáp, sem sýnir lykilgrip og gefur örstutt yfirlit um helstu einkenni tímans. Fyrir hvert tímabil eru valdir atburðir eða merkar nýjungar sem markað hafa spor í þjóðarsöguna en einnig er bent á þætti í sögunni sem lítið breytast um aldir. Saman mynda þessir atburðir sögu hvers tímabils sem sýnd er með gripum.

Þjóðminjasafn Íslands, Suðurgata 41, 101 Reykjavík

13:00 - 22:00

Sjónarhorn - ferðalag um íslenskan myndheim

Í Safnahúsinu er sýningin Sjónarhorn sem er samstarfsverkefni Þjóðminjasafnsins, Listas-

afns Íslands, Náttúruminjasafns Íslands, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Landsbókasafns-háskólabókasafns og Þjóðskjalasafns Íslands. Í sjö álum Safnahússins við Hverfisgötu eru jafn mörg sjónarhorn. Þau tengja saman ólík listaverk og áhugaverða muni, þvert á efni og tímabil. Í Safnahúsinu er safnbúð og kaffihúsið Julia&Julia.

Safnahúsið við Hverfisgötu 15, 101 Reykjavík

Þjóðminjasafn Íslands, Suðurgata 41, 101 Reykjavík

13:00 - 22:00

Kjörgripur - Krossfestingarmynd á skinnblaði frá 14. öld

Í Safnahúsinu er sérsýning frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Þar er sýndur í fyrsta sinn kjörgripur úr handritasafni Árna Magnússonar: Krossfestingarmynd á skinnblaði frá 14. öld. Á myndinni er hinn krossfesti Kristur fyrir miðu. Fyrir ofan hann er letrað á latínur: Jesús frá Nasaret, konungur Gyðinga. Honum á hægri hönd stendur María guðsmóðir í rauðum kyrtli með bláan höfuðúdk en hinum megin er Jóhannes lærisveinn Krists. Skinnblaðið er hið aftasta af sjö blöðum sem enn eru varðveitt úr

handriti sem skrifað var og skreytt á öðrum fjórðungi 14. aldar. Handritið var skrifað á Vestfjörðum, hugsanlega í Vatnsfirði við Ísafjarðardjúp í tíð Eiríks Sveinbjarnarsonar hirðstjóra.

Safnahúsið við Hverfisgötu 15, 101 Reykjavík

13:00 - 22:00

Hversu þverþjóðleg ert þú? Hversu þverþjóðlegur ert þú?

Leikur sem mælir þverþjóðleika í tengslum við sýninguna Ísland í heiminum, heimurinn í Íslandi. Veldu úr nokkrum staðhæfingum þá sem best á við um þig. Með því að leggja saman stigin þín færðu svarið við spurningunni Hversu þverþjóðleg/-ur ert þú? Gestir eru hvattir til að deila útkomu sinni á samfélagsmiðlum. #islandiheiminum #thjodminjasafnid #menningarnott #þverþjoðleiki

Þjóðminjasafn Íslands, Suðurgata 41, 101 Rok.

13:00 - 22:00

Stuð og stemning á Stíg

Stuð og stemning á Stíg, Skólavörðustíg 17 b á Menningarnótt. Verslun með listnum og hönnun. Happraætti, veglegir listmunir í boði. Dregið verður á staðnum kl. 13, 14, 15, 16, 17, 18 og 19. Opíð 10-22. Við tökum vel á móti þér :-) Elva, grafík.

Þjarni, keramik. Helena, textill. Ólöf , keramik og gler. Sólveig Hólm, skúlptúr. Þóra, myndlist. Þórdís, keramik.

Skólavörðustígur 17b, 101 Reykjavík

13:00 - 22:00

Fuglarnir, fjörðurinn og landið. Ljósmyndir Björns Björnssonar

Björn Björnsson (1889 – 1977) var áhugaljósmyndari sem sérhæfði sig að mestu leyti í fuglaljósmyndun. Hann vann að ljósmyndun á Austfjörðum meðfram verslunarstörfum, lengst af á Norðfirði. Á síðari árum sérhæfði Björn sig í náttúrulefsljósmyndun og ferðaðist um landið í þeim tilgangi. Myndir hans af fuglum birtust víða, meðal annars í Náttúrufræðingnum og í British Birds. Björn fór í margar fuglarrannsóknarferðir, ýmist einn eða í fólg með fuglafræðingnum. Áhugamáll Björns tók stakkaskiptum árið 1939 þegar hann eignaðist myndavél sem hentaði sérstaklega vel til fuglaljósmyndunar. Björn var þekktur fyrir að spara ekkert til þess að sinna þessari ástríðu sinni, hvort sem um var að ræða ljósmyndunarbúnað eða tíma.

Þjóðminjasafn Íslands - Myndasalur, Suðurgata 41, 101 Reykjavík

13:00 - 22:00

Hvaða litur fer fuglinum best? Fuglamyndnasmiðja í fráðslu-horni Myndasals

Ímyndaðu þér hvernig það var áður en litmyndir komu til sögunnar. Þá fengu ljósmyndarar frelsi til að ákveða liti í myndum sínum með handlitun. Samt reyndu þeir oftast að ljka eftir náttúrulegum litum fuglanna. Björn Björnsson (1889 – 1977) var áhugaljósmyndari sem sérhæfði sig í fuglaljósmyndun. Hann handlitaði margar fuglamynda sinna. Fuglamyndir Björns hafa skapað honum sérstöðu innan íslenskrar ljósmyndunar. Björn fór í margar fuglarrannsóknarferðir, ýmist einn eða í för með fuglafræðingum. Áhugamáll Björns

tók stakkaskiptum árið 1939 þegar hann eignaðist myndavél sem hentaði sérstaklega vel til fuglaljósmyndunar. Björn var þekktur fyrir að spara ekkert til þess að sinna þessari ástríðu sinni, hvort sem um var að ræða ljósmyndunarbúnað eða tíma.

Þjóðminjasafn Íslands - Myndasalur, Suðurgata 41, 101 Reykjavík

13:00 - 22:00

Fuglafit

Fuglafit kallast það þegar einn eða tveir leika sér með bandspotta sem er hnyttur saman og búa til alls kyns mynstur með spottanum. Á Menningarnótt býst gestum Þjóðminjasafns Íslands að æfa fingur sína og fími með því að gera Fuglafit. Fuglafit er sígildur leikur sem sýnir fram á möguleika þess sem má gera með einföldum bandspotta. Bönd og leiðbeiningar verða á staðnum.

Þjóðminjasafn Íslands, Suðurgata 101, Reykjavík

13:00 - 22:00

Fuglaratleikur - Fuglar inni og úti

Ratleikur á Þjóðminjasafni Íslands og Safnahúsinu við Hverfisgötu með viðkomu við Tjörmina. Í þessum leik eru skoðaðir fuglar inni og úti; uppstoppaðir fuglar, fuglabeinagrind, lifandi fuglar og útsko-mnr fuglar. Ratleikinn þarf ekki að leysa í neineií ákveðinni röð. Ratleikinn má nálgast í móttöku Safnahússins við Hverfisgötu og Þjóðminjasafnsins á Suðurgötu. Á Íslandi eru margar tegundir fugla. Sumir fuglar fljúga á milli landa á hverju ári til að leita sér að æti og til að verpa. Aðrir eru staðfuglar og halda sig á afmörkuðu svæði á landinu. Enn aðrir koma til lands til að verpa og halda sig á sjó megnið af ævinni.

Safnahúsið við Hverfisgötu, Tjörnin og Þjóðminjasafn Íslands á Suðurgötu, Hverfisgata 15 101 Reykjavík



Þórunn Þórunn

13:00 - 17:00

Bókakaffi í Nýlistasafninu

Nýlistasafnið hefur löngum staðið fyrir metnaðarfullri og vandaðri útgáfu á mynd-listarbókum, nú síðast var bók um lista-mannsferil Ólafs Lárusonar. An titils, gefin út í júní síðastliðnum. Nýlega var bókabúð Nýlistasafnsins opnuð í Marhallhúsinu og af því tilefni býður safnið alla hjartanlega velkomna í bókakaffi á milli kl. 13 og 17 á Menningarnótt þar sem boðið verður upp á kaffi og léttar veitingar. Þar gefst gestum kostur á að skoða úrvall vandaðra myndlis-tarbóka sem á meðan þeir gæða sér á kaffi og sætum veitingum.

Nýlistasafnið, Grandagarður 20, 101 Reykjavík

13:00 - 21:00

OPÍD HÚS OG ÍKONASÝNING Í RÚSSNESKU RÉTTTRÚNAÐARKIRKJUNNI “Pravoslavnaya initsiatiiva”

Allir eru velkomnir í heimsókn á opíð hús og íkonasýningu í Rússnesku Rét-trúnaðarkirkjunni, Öldugötú 44. Á sýnin-gunni verður íkonunum lýst með stuttum texta á íslensku, rússnesku og ensku. Það byrjar kl 13.00 með opinni leiðsögn, þar sem prestur kirkjunnar útskýrir trúar-hefðir sem eru á Íslandi, og eru sameiginlegar með Orþóðox kristinni trú. Á eftir verður sýning innan drykkja, og er hún opin frá kl. 13.00 – 21.00. Þar geta allir fengið að sjá íkonana og öðlast nokkra innsýn í hefðir Rétttrúnaðarkirkjunnar og trú eins og hún er í mismunandi löndum, t.d í Rússlandi, Rúmeníu, Serbíu, Póllandi, Grikklandi, Búlgaríu, Úkraínu, Ísrael, Bandaríkjunum og fleiri löndum. Öllum er boðið að koma á leiðsögn sem verður á sýningunni. Þær verða tvar: Kl 13.00 á rússnesku og Kl 15.00 á ensku.

ÍKONASÝNING Í Rússnesku Rét-trúnaðarkirkjunni, Öldugata 44, 101 Reykjavík

13:00 - 22:00

Hugsað heim - Inga Lisa Mid-dlefon

Titill sýningarinnar Hugsað heim vísar draumkennða blæs sem einkennir þær. Ljósmyndarinn Inga Lisa Middleton er búsett í Bretlandi og sýnir á Vegg í Þjóð-minjasafni Íslands myndir frá heimalandinu Íslandi. Myndirnar vinnur hún með aðferð sem nefnist Cyanotype og gefur myndunum einkennandi bláan lit. Meginstef sýnin-garinnar er heimþrá en myndirnar sýna tilfinningatengsl höfundar við heimalandið Ísland og eru fullar af ljúfsárum söknúði. Myndefnið er bæði ápreifanlegt og táknrænt í senn: Kröftugir fossar sem knýja vatnsfalls-virkjanir, lóan sem boðar komu vorsins eftir langan vetur og hvönn sem löngum hefur verið notuð sem lækningajurt. Í myndunum kallast hið hversdagslega á við ljóðræna sýn á landið.

Þjóðminjasafn Íslands, Suðurgata 41, 101 Reykjavík

Café Haiti

Café Haiti flutti í Gömlu höfnina í júlí 2010, en hafði verið áður í litlu plássí á Tryggvagötu 16 í rúm tvö ár. Sá staður naut mikilla vinsælda en plássíð var orðið alltof lítið. Þegar þeim bauðst þetta húsnæði við Gömlu höfnina þá var ákveðið að láta til skarar skriða og flytja þangað og vera með í allri uppbyggingunni sem þar var og er að eiga sér stað.

„Okkar styrkur liggur í kaffinu og kann fólk mjög vel að meta kaffið sem við höfum upp á að bjóða. Up-phaflega vorum við eingöngu með kaffi frá Haiti, en þegar jarðskjálftarnir dundu þar yfir var ekkert kaf-fi lengur að fá þaðan. En það er að breytast og erum við aftur farin að fá kaffið frá þeim. Við erum mjög ánægð með það, en við brennum all kaffi hér á stað-num. Erum með allskonar tegundir af kaffidrykkjum. Svo getur fólk fengið hjá okkur kaffibaunir sem það fer með heim til sín og einnig malað kaffi,“ segir Elda.

„Íslingar hafa verið duglegir að heimsækja ok-

Þórunn Þórunn

13:00 - 22:00

Spegill samfélagsins – sersýning Þjóðskjalasafns Íslands

Danski konungurinn sendi þriggja manna rannsóknarnefnd til Íslands árið 1770 til að kanna samfélagið og auðlindir þess. Skjala-safn nefndarinnar, sem nefnd hefur verið Landsnefndin fyrri, er mikið að vöxtum, um 4200 handritaðar síður. Stór og fjölbreyt- tur hópur manna sendi nefndinni allt sitt á landsmálum. Til eru bréf sem greina frá aðbúnaði vinnufólks, hjáleigumanna, bænda, hreppstjóra, sýslumanna, presta og biskupa, auk háembættismanna landsins. Vinnugögn nefndarinnar sjálftrar eru ekki síður áhuga-verð, þar sem hún lagði mat á íslenskt samfélag og hvað þyrfti að gera til úrbóta. Í tilefni 135 ára afmælis Þjóðskjalasafns Íslands hefur verið sett upp sýning á úrvali skjala Landsnefndarinnar fyrri 1770. Sýningin er samstarfsverkefni Þjóðskjalasafns Íslands og Þjóðminjasafns Íslands.

Safnahúsið, Hverfisgata 15, 101 Reykjavík

13:00 - 17:00

Flóamarkað á Menningarnótt og Vöflur og Kaffi í JCI Húsið

JCI Reykjavík International hefur skipulagð flóamarkað á Menningarnótt til þess að styðja við alþjóðlegt verkefni - The World Cleanup Day 2018. Ágóði af söluinni á markaðnum mun fara til Bláa hersins, sem er íslensk fyrirtæki sem ekki er rekið í hagnaðarskyni og hefur skipulagt hreinsunar verkefni hérlendis. Kíktu við í kaffi og vöflur, og fáiðu tækifæri til þess að styðja við góðan málstað. Ef þig langar að styða verkefnið er hægt að gefa hluti til þess að selja á markaðnum. Við munum safna hlutum á föstudeginum 18. ágúst milli kl. 17:00 og 19:00 og á laugardegi-num milli kl. 12:00 og 13:00. Hlutir sem seljast ekki verða gefnir í Rauða Kross Íslands.

JCI Husið, Hellusund 3, 101 Reykjavík

13:00 - 14:00

Ótal andlit Iðunnar - Sýninga-ropnun

Harpa Rún Ólafsdóttir og María Kjartans opna ævintýralega myndlistasýningu. Gestum býóst svo að bjóða í verkin á svokölluðu “þöglu uppboði”. Verkin eru blanda af ljósmynd og teikningu. María myndar á sinn einstaka hátt magnþrungið samspil náttúru, manna og dýra, og myndgerir Harpa náttúru-na og skapar með teikningunni heim þar sem áhorfandanum er boðið uppá að skyggjast í hulduheima náttúrunnar. Á opnuninni mun tónlistarmaðurinn Einar Indra kynna nýju plötuna sína Unravel. Birgir Hilmars og María Kjartans munu taka nokkur lög af plötu sinni Dark Horse. Sýningarrýmið er up-plifun í sjálfu sér þar sem rými hússins hefur verið umbreytt úr athvarfi vegglistarmanna í friðsæla vin í erli borgarinnar án þess þó að hreyfa við hrári veggjalist rýmisins.

Frakkastígur 16 (fyrir ofan Brauð & co), 101 Reykjavík

13:00 - 22:00

Ótal andlit Iðunnar - Þögult uppboð

Þórunn Þórunn

Harpa Rún Ólafsdóttir og María Kjartans opna ævintýralega myndlistasýningu í tófrandi nýju rými fyrir ofan bakariíð Brauð og co. Gestum býóst svo að bjóða í verkin á svokölluðu “þöglu uppboði”. María myndar á sinn einstaka hátt magnþrungið samspil náttúru, manna og dýra, Harpa myndgerir náttúruna í myndunum og opnar þannig fyrir áhofandnum hulduheima náttúrunnar. Á opnuninni mun tónlistarmaðurinn Einar In-dra kynna nýju plötuna sína. Birgir Hilmars og María Kjartans munu einnig kynna væntanlega plötu sína. Sýningarrýmið er up-plifun í sjálfu sér þar sem rými hússins hefur verið umbreytt úr athvarfi vegglistarmanna í friðsæln vin í erli borgarinnar án þess þó að hreyfa við hrári veggjalist rýmisins.

Frakkastígur 16, 101 RVK (fyrir ofan Brauð & co), 101 Reykjavík

13:00 - 17:30

Róttæki Sumarháskólinn

Þann 14.-20. ágúst mun Róttæki sumar-háskólinn halda sína árlegu fyrirlestraröð í Múltikúltí, Barónsstíg 3. Róttæki sumar-háskólinn er ókeypis fyrirlestraröð sem er aðgengileg öllum og hefur verið hvert sumar síðan 2011. Í skólanum er fjallað um málefni úr samtímanum sem brenna á fólk. Það getur verið allt frá réttindum minnihlutahópa til róttækra hugmynda um samfélagsbreytingar. Erindi eru haldin af valinkunnum fyrirlesu-num sem hafa reynslu af þessum málefnum. Með því er búið til umhverfi þar sem mismu-nandi málefni mæstast.

Múlti Kúltí, Barónsstíg 3, 101 Reykjavík

13:00 - 15:30

Fjöltefi við Jóhann Hjartarson og Magnús Örn Úlfarsson

Fjöltefi opíð öllum við Magnús Örn Úlfars-on og Jóhann Hjartarson. Magnús Örn hefur í mörg ár verið einn af fremstu skákmönnum landsins. Hann hefur meðal annars unnið titlana unglíngameistari Íslands og Hraðskák-meistari Íslands. Jóhann Hjartarson er einn sigursælasti skákmaður sem Ísland hefur gefið af sér. Hann hlaut stórmeistaratígn árið 1985 og er sexfaldur Íslandsmeistari í skák, auk þess að hafa hlotið fjölda annarra viðurkenninga.

Höfuðstöðvar Íslenskrar erfðagreiningar, Sturlugata 8, 101 Reykjavík

13:00 - 18:00

100 ára afmælissýning á ver-kum Kristjáns Davíðssonar

Opnun á einstakri 100 ára afmælissýningu á verkum listmálarans Kristjáns Davíðsso-nar. Mörg af verkunum eru úr einkasafni fjölskyldu Kristjáns og hafa aldrei verið sýnd áður á opinberum vettvangi. Sýningin stendur yfir allan daginn.

Höfuðstöðvar Íslenskrar erfðagreiningar, Sturlugata 8, 101 Reykjavík

13:00 - 14:00

Léttur í Lunda

Preifum betur á hinum umdeilda fugli sem allt í einu er búinn að koma sér svo vel fyrir í Reykjavík. Fólk á öllum aldri er hvatt til að

Þórunn Þórunn

föndra á sig lundaferut, gogga, vængi og stél. Eftt verður til sérstaks lundahlaups og sprellfugrs lundakasts – á eftir getur fólk svo svifið um bæinn, lét í lunda. Boðið upp á Puff á priki og Goggbíta með mjólk.

Vitatorg, Lindargata 59, 101 Reykjavík

13:00 - 22:00

Pop-up markaður safnbúðar Listasafns Íslands í samstarfi við Hús og híbýli

Sendiráð Bandaríkjanna býður í opið hús á Laufásvegi 21-23 laugardaginn 19. ágúst kl. 14-16. Á boðstólunum verða Krispy Kreme kleinuhringir og kaffi. Íslenska Kántrýhljómsveitin Axel O & Co, tilnefnd til 2017 Texas Sounds International Country Music Awards, mun flytja tónlist. Taktu mynd af þér með frelsisstyttnni eða öðrum þekktum kennileitum í Bandaríkjunum. Kynntu þér spennandi staði til að heimsækja í Bandaríkjunum. Bandaríska flugfélagið Delta býður í spennandi spurningakeppni, þar sem verðlaunin eru flugferð til Bandaríkjanna. Vinsamlegast athugið að gestir þurfa að ganga gegnum öryggisskoðun. Gestir eru beðnir að forðast að vera með stórar töskur meðferðis eða stór rafendataeki, minni tæki, s.s. snjallsímar o.þ.h. eru í lagi. Við hlökkum til að sjá ykkur, gangið í bæinn.

Sendiráð Bandaríkjanna, Laufásvegi 21, 101 Reykjavík

15:50 - 16:10

Haltu Takti

Haltu Takti verða með Pop – Up tónleika fyrir utan Hitt Húsið og flytja lög sem þeir hafa unnið að í sumar sem listhópar. Á bakvið verkefnið Haltu Takti eru þeir Arni Jónsson og Dagur Logi Ingimarsson, texta- og taktsmiðir. Í sumar hafa 11 metnaðarfullir listhópar verið starfandi á vegum Hins Hússins ásamt Götuleikhúsi Hins Hússins. Hóparnir eru : Götusól, PASHN, Dúóið Yr og Agga, Ritsveinn á rápi, RUSL, Haltu Takti, Baldur Dýrfjörð, RASK, Tónsion, Adolf Smári og Miðbæjarkvartettinn. Starf hópanna hefur verið fjölbreytt og þeir staðið fyrir fjölmörgum viðburðum viðsvegar um borgina í sumar. Á Menningarnótt munu þeir sýna brot af því besta fyrir utan Hitt Húsið.

Hitt Húsið menningarmiðstöð ungs fólks, Pósthússtræti 3, 101 Reykjavík

16:00 - 18:00

YPSILON ping pong mót

Hönnunarverslunin YPSILON býður gestum og gangandi að taka þátt í pingpong móti á Menningarnótt milli klukkan 16-18. Sigurvegari mótsins fær veglegan glaðning frá versluninni! YPSILON opnaði sitt fyrsta

útibú í höfuðstöðvum Hönnunarmiðstöðvar (Hönnunar glæsibænum) að Aðalstræti 2 í sumar. Verslunin er rekin af fimm hönnuðum og einum myndlistarmanni. Í versluninni er að finna fatnað og fylgihluti, tímarit, ilmi, myndlist og ýmsilegt til að fegra heimilið. YPSILON er samvinnuverstun, fegurðarmusteri og skínandi geimskip í íslenskri hönnunarflöru. YPSILON selur vörur, YPSILON framleiðir vörur, YPSILON er samsetning sex einstaklinga sem saman mynda eina veröld, falletgri en raunveruleikann. Í YPSILON eru merkin, AND ANTI MATTER, USEE, HZERO, NEPTUN, KOLBRUN, IIDEM, TANJA LEVÝ.

Aðalstræti 2 (önnur hæð), 101 Reykjavík

16:00 - 23:00

Karnival á Klapparstíg

DJ Margeir, GusGus, DJ Yamaha, Högni, CasaNova, Alfons X, DJ Katla, Yoga Moves, Vatnsrennibraut og ýmsar óvæntar uppákomur. Sérstakar þakkir fær Nova fyrir að hjálpa okkur að lyfta viðburðinum á hærra plan.

Á horni Hverfisgötu og Klapparstígs, 101 Reykjavík

16:00 - 20:00

Snorri Ásmundsson: opnun Mulieres Praestantes

Myndlistamaðurinn Snorri Ásmundsson opnar nýjustu sýningu sína Mulieres Praestantes í Veitingastofum Hannesarholts. Titill sýningarinnar þýðir ‘Yfirburðakonur’ og er til heiðurs sterkra kvenna í menningarsögunni. Opnunin hefst hátíðlega kl. 16:00, en sýningin verður opin daglega frá 11:30 til 17:00. Sýningin stendur til 18. september og er sölusýning.

Hannesarholt menningarhús, Grundarstíg 10, 101 Reykjavík

16:00 - 17:00

Æskusirkusinn - Fjörleikhúsið

Í Fjörleikahúsinu skygnumst við aftur í

tímann og könnum heim hinna gömlu fjörleikahúsa, þar sem hið ótrúlega, furðulega, töfrandi og stundum uggevnenlega var í hávegum haft. Við kynnumst hefðbundnum sirkuslistamönnum auk ýmissa furðuvera og annarra íbúa þessa heims og upplifum þá spennu, undrun og eftirvæntingu sem hin leyndardómsfullu fjörleikahús höfðu upp á að bjóða. Æskusirkusinn hefur verið starfræktur af Sirkus Íslands um árabíl, bæði í formi sumarnámskeiða og sem regluleg kennsla yfir veturinn. Þessi sýning er afrakstur síðasta veturs og er sett upp af krökkunum í framhaldsdeildinni. Þau hafa útbúið atriðin sjálf undir leiðsögn kennara Æskusirkusins. Það þarf miða til að komast inn og þeir verða í boði klukkutíma fyrir sýningu í miðaðslugámmum okkar, húsið opnar hálf tígjur.

Sirkustjaldíð Jökla á Klambratúni, 105 Rvk.

16:00 - 16:30

Dúettinn L I N Æ spilar gítartónlist

Leiðir gítarleikaranna og tónlistarmannanna Guilla Björnssonar og Jiyeon Kim lágu saman í Yale School of Music þar sem þau útskrifuðust með mastersgráðu í tónlist síðastliðið vor en kennari þeirra þar var Benjamin Verdery. Bæði hafa þau komið víða við í listsköpun sinni, í kvikmyndagerð, myndlist og leikhúsi auk þess sem þau fást bæði við tónsmiðar. Fjölbættur bakgrunnur og víðfeðmt áhugasvið þeirra endurspeglast í víðfangsefnum dúettsins LINÆ þar sem saman renna klassísk tónlist og spuni og glænjár tónsmiðar fyrir bæði klassíska gítara og rafmagnsgítara auk þess sem þau hafa starfað með listamönnum úr öðrum geirum, má þar nefna nýlegt samstarfsverkefni með myndlistarmanninum og arkitektinum Drew Busmir þar sem LINÆ frumflutti tónverk fyrir sýndarveruleikagleraugu.

Galleri Fold, Rauðararstígur 14, 105 Reykjavík

16:00 - 17:00

Sálmafoss á Menningarnótt

16.00 Sálmasöngur -Schola cantorum leiðir kirkjugesti í almennum söng! Sungnir verða fjölbreyttir og falletgri sálmar með Klaisorglínu- allir syngja með! kl. 16.10 “Dagur er nærri” Schola cantorum syngur hugljúfa kórtónlist undir stjórn Harðar Askelssonar kl. 16.30 Björn Steinar Sölbjergsson flytur fjölbreytta orgeltónlist á hið völduga Klais orgel Hallgrímskirkju.

Hallgrímskirkja, 101 Reykjavík

16:00 - 18:00

Spegill samfélagsins 1770 - leiklestur

Leikaraefnin Hákon Jóhannesson og Niels T. Gírerð flytja texta valinna bréfa gestum og gangandi í Safnahúsinu til upplýsingar og skemmtunar á milli kl. 16–18. Leiklesturinn er stendur yfir með hléum í þessa tvo tíma. Sérýning í Safnahúsinu við Hverfisgötu er sýning Þjóðskjalasafns Íslands á úrvali skjala Landsnefndarinnar fyrri 1770. Landsnefndin fyrri var nefnd þriggja manna send til Íslands á vegum Danakonungs árið 1770 til að kanna samfélagið og auðlindir þess og fá fram viðreinsartillögur. Nefndin reyndi að kynna sér allar aðstæður af eign raun auk þess sem henni barst fjöldinn allur af bréfum og greinargerðum frá fólkinu í landinu. Til eru bréf sem greina frá aðbúnaði vinnufólks, hjáleigumanna, bænda, hrepstjóra, sýslumanna, presta og biskupa, auk háembættismanna landsins.

Safnahúsið, Hverfisgata 15, 101 Reykjavík

16:00 - 22:50

Menningarnótt X-ins 977, Bar 11 & Norr11

Ár hvert heldur útvarpsstöðin Xið 977 í samstarfi við Bar 11 eina stærstu rokktónleika ársins í portinu á bak við Bar 11 á Menningarnótt. Líkt og undanfarin ár verður boðið upp á einvalalið tónlistarfólks. Emmsjé Gauti,

Dimma, Jónas Sig. Úlfur Úlfur, XXX Rotweiler, Tappi Tikarass, Ása, Atomstation. Síðustu ár hefur portíð verið stappfullt af áhorfendum sem einnig hafa þurft að koma sér fyrir í bílastæðahúsinu gegnt sviðinu þegar að portíð hefur fyllst. Að sjálfsgögu er aðgangur á tónleikana ókeypis og allir eru velkomnir.

Hverfisgata 18, 101 Reykjavík

16:00 - 22:00

UPPI-NIÐRI

Hverfigallerí efnir til samsýningarinnar UPPI-NIÐRI í tveimur hlutum nú í ágúst. UPPI er heiti á fyrri hluta samsýningarinnar sem haldinn er á fyrstu hæð hússins að Hverfisgötu 4. Sýningin UPPI er sett upp í opnu og hráu rými og stendur til 26. ágúst. Á sýningunni eru innsætingar, skulptúrar sem haldinn er á fyrstu hæð hússins að Hverfisgötu 4. Sýningin UPPI er sett upp í opnu og hráu rými og stendur til 26. ágúst. Á sýningunni eru innsætingar, skulptúrar og málverk eftir: Guðnýju Rósu Ingimarsdóttur, Hildi Bjarnadóttur, Guðöfn Ketilsson, Kristinn E. Hrafnsson, Steingrím Eyfjörð og Sigurð Árna Sigurðsson. Síðari hluti samsýningarinnar, NIÐRI, opnar á Menningarnótt kl. 16.00 í öllum rýmum Hverfigallerís á jarðhæðinni og hefur einnig að geyma málverk og skulptúra eftir listamenn gallerisins.

Hverfigallerí, Hverfisgata 4, 101 Reykjavík

16:00 - 18:00

Os - sögur og skrif

Os Pressan býður ykkur að koma og hlusta á barnasögur á íslensku, ensku og spænsku. Eftir sögustundina fá börnin aðstoða á einhverju af þessum þremur tungumálum við að skrifa sínar eigin sögur og myndskreyta þær. Yngstu lesendurnir velkomnir! Komid og verid með!

Iðnó 2. hæð, Vonarstræti 3, 101 Reykjavík

16:00 - 16:30

Frönsk kaffihúsalög

Þegar frönsk dægurlög frá miðbiki 20. aldarinnar hljóma, verða brámar í París og Notre Dame ljóslífandi í huganum. Ilmi af

Listvinahúsið

Stofnað 1927



Listvinahúsið, Skólavörðustíg 43, Reykjavík
s. 551 2859 / 897 4384
www.listvinahusid.is
listvinahusid@simnet.is

"Pauw Bee! N U Dont Like N U Dont Pay 4 N"

"We had 2 hats a good meal at good price"
Winningspot!



BURGERJOINT

Burger Joint - Geirsgötu 1 - 101 Reykjavík - bullan@simnet.is - www.bullan.is

18 MIÐBORGARPÓSTURINN

Þetta er mynd af þessum íslensku söngvara.

Þetta er mynd af þessum íslensku söngvara.

Þetta er mynd af þessum íslensku söngvara.

laufskrúði á vori bregður fyrir vitin, enda eru þessi lög löngu orðin sigild. Hvert einasta mannsbarn kannast við La Vie en Rose og Sous le ciel de Paris, þó að allir viti ekki endilega hvað þau heita. Þau Jóhanna Vígidís Arnardóttir og Bergþór Pálsson ásamt Kjartani Valdemarssyni, pianóleikara flytja nokkur af þessum ilmandi lögum. Aldrei er að vita nema Kjartan taki upp nikkuna svo að við svifum þöndum vængjum í huganum alla leið á græna flöt við Vosges torgið með baguette og ostbita í körfu.

Harpa, Austurbakki 2, 101 Reykjavík

16:00 - 17:00

Tónleikar Trío Reykjavíkur

Trío Reykjavíkur býður uppá tónleika fyrir gesti í hlýlegu umhverfi Kjarvalstaða. Guðný Guðmundsdóttir fjöluóleikari og Gunnar Kvaran sellóleikari flytja fjölbreytta tónleika dagskrá.Opíð verður á Kaffi Flóru og Kjarvalsstaðir loka kl. 22:00 á Menningarnótt. Efnisskrá Tríós Reykjavíkur fyrir Menningarnótt 19. ágúst 2017 Franz Anton Hoffmeister (1754–1812); Duétt í C-dúr Allegro, Romance-Poco Adagio, Rondo-Allegro. Herbert H. Ágústsson (1926-): Umritun á íslenskum þjóðlögum. Góð börn og vond, Sof þú, unga ástin mín, Fuglinn í fjörunni. Grazyna Bacewicz (1909-1969): Kaprisa Polski. Pablo Casals(1876-1973): Söngur fuglanna. A. H. Sveinsson (1938-): Intermezzo úr Dimmalimm. V.Mont (1868-1922)j: Csardas

Kjarvalsstaðir, Flólagata 24, 105 Reykjavík

16:00 - 19:00

Tjúttað við taffið - Útikaraoke

Tvíeykið Hits&Tits (eða Fútt og túttur í þýðingu Guða Kolbeinssonar) er skipað þeim Margréti Erlu Maack og Ragnheiði Maisól Sturludóttur. Auk þess að vera karókisstjórnr eru þær kabarettrottningar, plötusnúðar og uppistandarar og ýmislegt fleira. Frá byrjun ársins 2013 hafa þær staðið fyrir karóíkíkvöldum hér og þar í bænum og er óhætt að segja að kvöldin hafi slegið í gegn. Á kvöldunum skiptir meira máli að vera í stuði og heilla áhorfendur en að syngja vel. Nú er hinsvegar kominn tími til að flytja syngjóíð frá myrkum börum Reykjavíkur og út í skínandi dagsljósið og sameina sem flesta í söng og gleði. Útikarókið er haldið að fyrirmynd karóíkis sem fram fer í Mauerpark í Berlín þar sem þúsund manns flýkjust að til að láta ljós sitt skina og hvetja áfram.

Útitafflið við Lækjargötu, Berhöfstorfuna, Lækjargata 1, 101 Reykjavík

16:00 - 18:00

Sögustund og ritsmiðja á íslensku, ensku og spænsku

Ös pressan býður börnum í sögustund og söguskrif á Menningarnótt. Barnasögur verða lesnar upp á íslensku, ensku og spænsku. Eft-ir lesturinn verður krökkum hjálpað að skrifa og myndskreyta eigin sögur og á meðan verður lesið upp fyrir fulloröna. Sögustund barna: Kl. 16 - 16:45 Söguskrif barna / lestur fyrir fulloröna: Kl. 17:00 - 18:00. Endilega komið með börnin og takið þátt!

lðnó, Vonarstræti 3, 101 Reykjavík

16:00 - 23:30

Kokteilar á Klapparstíg

Barþjónarnir á Rosenberg ætla að frumsýna hluta úr nýjum kokteilseðli staðarins og bjóða upp á allskonar kokteil-tengt efni. Það verða kokteilar á krana, hrisstr kokteilar, hræðir kokteilar, kokteilþýlsur, kokteilsósa. Boðið verður upp á smakk fyrir þá allra heppnustu sem eru eldri en 20 ára.

Rosenberg, Klapparstígur 27, 101 Reykjavík

16:00 - 16:30

Barakan trommur og dans

Barakan dans og trommur var stofnað af Mamady Sano og Söndru Sano Erlingsdóttur sem sérhæfa sig í dansi og trommuleik frá Gineu í V-Afríku. Þau eru með dans og trommuhóp sem er frábær orkuspenngja. Enginn getur setið kyrr þegar lífandi trommuleikur og orkumiklir dansarar fara á svið. Áhorfendur geta líka tekið nokkur dansspör með í endanum á sýningunni.

Lækjartorg 1, 101 Reykjavík

16:15 - 17:00

Bartónar

Bartónar - Karlakór Kaffibarsins var stofnaður í febrúar 2010 og hefur síðan þá blómstrað í söng- og menningarlífi borgarinnar. Kórinn hefur frá fyrsta degi starfað undir styrki hönd Jóns Svavars Jósefssonar kórstjóra. Fagmennska, glæsileiki og fágúð framkoma eru þeirra aðalsmerki. Frábær skemmtun!

Petersen svítan, Ingólfsstræti 2a, 101 Reykjavík

16:15 - 16:35

Tónsion

Tónsion varpar fram hugleiðingum sínum sem beinast að eðlilegu fólki. Tónsion er tveggja manna gjöfningateymi þeirra Halldórs Sörla og Victoríu Bjarkar. Í sumar hafa 11 metnaðarfullir listhópar verið starfandi á vegum Hins Hússins ásamt Götuleikhúsi Hins Hússins. Hóparnir eru : Götusól, PASHN, Dúóið Yr og Agga, Ritsveinn á rápi, RUSL, Haltu Takti, Baldur Dýrfjörð, RASK, Tónsion, Adolf Smári og Miðbæjarkvartettinn. Starf hópanna hefur verið fjölbreytt og þeir staðið fyrir fjölmörgum viðburðum víðsvegar um borgina í sumar. Á Menningarnótt munu þeir sýna brot af því besta fyrir utan Hitt Húsið.

Hitt Húsið menningarmiðstöð ungs fólks, Pósthússtræti 3, 101 Reykjavík

16:30 - 18:00

Tilurð listaverks - Halldór Ásgeirsson

Halldór Ásgeirsson segir frá tilurð listaverks sem hann gerði fyrir Íslenska erfðagreiningu í lok síðasta árs og staðsett er í ingangi hússins. Í fyrirlestarsal mun Halldór sýna myndir af fyrri verkum sem eru einskona leiðarstef og áhrifavaldar að núverandi listaverki.

Höfuðstöðvar Íslenskrar erfðagreiningar, Sturlugata 8, 101 Reykjavík

16:30 - 17:00

Soo Bahk Do - Hefðbundin kóresk bardagalist á Íslandi

Soo Bahk Do bardagalistin hefur nú verið iðkuð á Íslandi í nokkur ár undir styrki handleiðslu meistara Cesars R. Luna sem einnig er þekktur meistari í Taekwondo og meðlimur í frægðarhöll (Hall of Fame) Taekwondo. Soo Bahk Do er hefðbundin kóresk bardagalist sem tvinnar saman aldagamla kóreska bardagahefð -með áhrifum frá Kína og Japan- við virka heimspeki (action philosophy) á taöískum grunni, með það meginmarkmið að stuðla að heilsu og langlífi iðkenda og fríði í heiminum!

Við lðnó, Vonarstræti 3, 101 Reykjavík

16:40 - 17:00

PASHN

PASHN (borið fram eins og enska orðið passion) skipa þær Ragnhildur Veigarsdóttir og Ása Bjartmarz. Í sumar hafa þær verið að þróa efnið sitt og þær spila það opinberlega fyrir utan Hitt Húsið á Menningarnótt. Í sumar hafa 11 metnaðarfullir listhópar verið starfandi á vegum Hins Hússins ásamt Götuleikhúsi Hins Hússins. Hóparnir eru : Götusól, PASHN, Dúóið Yr og Agga, Ritsveinn á rápi, RUSL, Haltu Takti, Baldur Dýrfjörð, RASK, Tónsion, Adolf Smári og Miðbæjarkvartettinn.Starf hópanna hefur verið fjölbreytt og þeir staðið fyrir fjölmörgum viðburðum víðsvegar um borgina í sumar. Á Menningarnótt munu þeir sýna brot af því besta fyrir utan Hitt Húsið.

Hitt Húsið menningarmiðstöð, Pósthússtræti 3, 101 Reykjavík

17:00 - 19:00

Ratleikur fyrir börn og fulloröna

Leikurinn felst í að finna listaverk sem sýnd eru í galleríinu. Við hvert þeirra er lítil frásögn og í henni bókstafur sem er hluti af orði sem gestir eiga að finna út. Dreigið er úr réttum lausnum og heppinn þáttakandi fær listaverkabók í verðlaun.

Gallerí Fold, Rauðarárstígur 14, 105 Reykjavík

17:00 - 18:00

Sálmafoss á Menningarnótt 2007-2017

Kl. 17.00 Sálmasöngur -allir syngi með! Söngsveitin Filharmónía leiðir sönginn. Kl. 17.10 Söngsveitin Filharmónía flytur fjölbreytta kórtónlist undir stjórn Magnúsar Ragnarssonar. Kl. 17.45 Vestfossen Blandakor - áhugamannakór frá Noregi undir stjórn Gróu Hreinsdóttur flytur norska kórtónlist.

Hallgrímskirkja, Hallgrímstorg 1, 101 Rok.

17:00 - 17:30

Dúettinn L I N Æ spilar gítartónlist

Leiðir gítarleikaranna og tónlistarmannanna Gulla Björnssonar og Jiyeon Kim lágu saman í Yale School of Music þar sem þau útskrifuðust með mastersgráðu í tónlist síðastliðið vor en kennari þeirra þar var Benjamin Verdery. Bæði hafa þau komið víða um víð í listskópun sinni, í kvikmyndagerð, myndlist og leikhúsi auk þess sem þau fást bæði við tónsmíðar. Fjölþættur bakgrunnur og viðföemt áhugasvið þeirra endurspeglast í víðfangsefnum dúettsins LINÆ þar sem saman renna klassísk tónlist og spuni og glænýjar tónsmíðar fyrir bæði klassíska gítara og rafmagnsgítara auk þess sem þau hafa starfað með listamönnum úr öðrum geirum, má þar nefna nýlegt samstarfsverkefni með myndlistarmanninum og arkitektinum Drew Busmire þar sem LINÆ frumflutti tónverk fyrir sýndarveruleikagleraugu.

Gallerí Fold, Rauðarárstígur 14, 105 Rok.

17:00 - 20:00

Af stjörnum ertu komin: Tónlistarflutningur og vörpun á ljóðrænni kvikmynd.

Í tilefni af Menningarnótt tekur myndlistakonan Guðrún Tara Sveinsdóttir yfir verslun Geysis á Skólavörðustíg 7. Viðburðurinn hefst kl 17:00 með vörpun á ljóðrænni kvikmynd og veitingar verða í boði fyrir gesti og gangandi. Kl 18:00 mun Guðrún ásamt fríðu föruneyti kvenna flytja gjörninginn Af stjörnum ertu komin. Af stjörnum ertu komin gefur.insýn inn í hugarheim stúlkna. Unglingsárin, sorgin og missirinn þegar bernskudraumamir dvína á meðan þær reyna að svara kröfum samfélagsins um útlit og hegðun. Guðrún Tara Sveinsdóttir lærði myndlist við LHI og útskrifaðist þaðan árið 2015 með BA gráðu. Ári síðar hóf hún mastersnám með áherslu á gjörningalist en Guðrún segist hafa fundið sig í gjörningum þar sem hún væri búin að vera að „performa“ allt sitt líf sem kona. Verið velkomin.

Geysir, Skólavörðustíg 7, 101 Reykjavík

17:00 - 17:45

Leiðsögn um feminískan myndheim Rósku í karllægum heimi myndlistar.

Leiðsögn í umsjón Ástríðar Magnúsdóttur, meistaranema í listfræði við Háskóla Íslands. Konan var Rósku alla tíð hugleikin sem viðfangsefni og hún málaði sjálfa sig og konur í málverkum sínum alla tíð. Á fyrri hluta ævi sinnar var Róska kona meðal karla í karllægu samfélagi myndlistar. Hún þorði að láta verkin tala og var afar bersögul og opinská. Hún fór ekki varhluta af karllægri gagnrýni, og lífið sem kona í karllægum heimi og þurfti oft að standa fast á sinu og svara fyrir sig. Þegar leið á öldina breyttist afstaða Rósku og hún fór meðvitað að horfa á sig sem konu meðal kvenna. Hún fór í auknum mæli að tengja list sína við kvennabaráttu og kvenréttindi frekar en almenna mannréttindabaráttu.

Listasafn Íslands, Erikirkjuvegur 7, 101 Reykjavík

17:00 - 18:00

GHÓSTS

Ös Pressan býður þér á lífandi safn á lðnó, 3. hæð. lðnó hýsir suma fröðustu drauga Reykjavíkur. Komdu og hlýddu á undarlegar og draugalegar sögur. Hvaða hlutir kveikja í okkur til að semja sögur? Fornar brúður? Rússneskir tebollar? Gamaldags tvíhjólf? Lumar þú á stuttu 5 mín. ritverki sem þú vilt flytja á viðburðinum? Sendu okkur tölvupóst á ospressan@gmail.com.

lðnó 3. hæð, Vonarstræti 3, 101 Reykjavík

17:00 - 17:30

Leikhopurinn Lotta

Leikhópurinn Lotta er landsmönnum vel kunnur fyrir utandyra leiksyningar sínar sem hópurinn ferðast með um allt landið á sumrin. Á hverju ári sýnir hópurinn nýjar og skemmtilegar fjölskyldusýningar fullar af söng, gleði og húmor fyrir börn sem fulloröna. Í sumar ferðast hópurinn með nýjasta verkið sitt sem heitir Ljóti andarunginn um allt land og fer hver að verða síðastur að skella sér á þá æðislegu sýningu. Sýningarplanið er á www.leikhopurinnlotta.is - ekki láta þessa snilld framhjá þér fara. Ljóti andarunginn er ellefta sýning Leikhópsins Lottu sem á heldur betur banka af sögum og persónum úr ævintyrskóginum. Á Menningarnótt ætla nokkrar persónur úr ævintyrskógi Leikhópsins Lottu að kíkja í heimsókn í Hallagargarönn með 20 mínútna skemmtiatriði fyrir unga sem aldna.

Hallargarðurinn, Erikirkjuvegur 11b, 101 Rok.

17:00 - 20:00

UPPBROT / OPNUN / MYN-DLIST

Á sýningunni halda þær Margrét og Sigríður áfram að takast á við pælingar um skynheild og uppbrot hluta. Þær leika sér með þá eðlis-lægu tilhneigingu mannskeppunnar að reyna að búa til heild úr þörtum sem leið til þess að skilja umhverfi sitt.

Gallerí 78, Suðurgata 3, 101 Reykjavík

17:00 - 18:30

Rómeó og Júlía á Menningarnótt - Sínfóníuhljómsveit Íslands

Rómeó og Júlía er ein áhrifamesta ástarsaga allra tíma og hefur orðið ótal listamönnum innblástur í nýja sköpun. Meðal þeirra eru rússnesku tónskáldin Tsjajkovskíj og Prokofiev sem báðir hafa byggt glæsileg og hádramatísk tónverk á harmleiknum um elskendurna frá Veróna. Hér hljómar þessi frábæra tónlist undir stjórn hinnar kanadísku Keri-Lynn Wilson sem á ættir að rekja til Íslands en stjórnar við tónleikahalir og óperuhúð víða um heim. Aðgangur er ókeypis á tónleikana.

Harpa | Eldborg, Austurbakki 2, 101 Rok.

17:05 - 17:25

RUSL

Tvíeykið RUSL (Guðbrandur Loki og Róbert Hlynsson) hefur í sumar tint upp rusl af götum Reykjavíkur og hannað úr því hátiskufatnað og aukahluti. Á dagskrá listhópa Hins Hússins á Menningarnótt 2017 mun RUSL vera með uppskeru-runway-tískusýningu á catwalki fyrir utan Hitt Húsið þar sem afrakstur sumarsins verður sýndur. Í sumar hafa 11 metnaðarfullir listhópar verið starfandi á vegum Hins Hússins ásamt Götuleikhúsi Hins Hússins. Hóparnir eru : Götusól, PASHN, Dúóið Yr og Agga, Ritsveinn á rápi, RUSL, Haltu Takti, Baldur Dýrfjörð, RASK, Tónsion, Adolf Smári og Miðbæjarkvartettinn. Starf hópanna hefur verið fjölbreytt og þeir staðið fyrir fjölmörgum viðburðum víðsvegar um borgina í sumar. Á Menningarnótt munu þeir sýna brot af því besta fyrir utan Hitt Húsið.

Hitt Húsið menningarmiðstöð ungs fólks, Pósthússtræti 3, 101 Reykjavík

17:15 - 18:00

Hinir ástsælu Spaðar

Hinir ástsælu Spaðar eru kunnir fyrir eldfjörug böll, líflæg lög og sniðuga texta. Lögin þeirra hljóma eins og gömul dægurlög þó að þau séu flest eftir þá sjálfa, enda nota þeir hljóðfæri á borð við harmóníkku, fiðlu og mandólin. Tónlistin er undir áhrifum frá þjóðlagatónlist úr ýmsum áttum og textarnir fjalla um allt milli himins og jarðar: þjóðarblómið, kreppuna, Íslendingasögunnar, Þorláksmessu, listina að yrkja, gleðina, drykkjuna og auðvitað ástina. Guðmundur Andri Thorsson gítar og söngur; Guðmundur Ingólfsson bassi og söngur; Aðalgeir Arason mandólin og söngur; Þorkell Heiðarsson harmóníkká og hljómborð; Magnús Haraldsson gítar og söngur; Guðmundur Pálsson fiðla; Sigurður Valgeirsson trommur.

Petersen svítan, Ingólfsstræti 2a, 101 Rok.



Te og kökuhúsið Kumiko

Þetta er mynd af þessum íslensku söngvara.

Við hjá Kumiko sérhönnum tertur fyrir öll tækifæri. Hver einasta terta er einstök, en hún er aðlöguð að tilefninu og óskum viðskiptavinarins. Útfærslumöguleikarnir eru óteljandi. Við leggjum mikinn metnað í gerð hvernar tertu, notum aðeins hágæða hráefni og bjóðum einnig upp á vegan og glútenfría valkosti.

Fáið hugmyndir á heimasíðunni okkar kumiko.is eða sendið okkur póst á **hello@kumiko.is**

Grandagarði 101 // 101 Reykjavík // Opíð daglega // Sími 517 24 24 // kumiko.is // #hellokumiko



Sökkuláðikökuopera

17:30 - 17:50

Sökkuláðikökuopera

Bon Appétit! er gómsæt súkkulaðikökuopera eftir bandaríska tónskáldið Lee Hoiby þar sem sjónvarpskokkurinn frægi, Julia Child, kennir áhorfendum að baka franska súkkulaðiköku. Guja Sandholt fer með hlutverk Julíu Child og Heleen Vegter leikur með á pianó. Ární Ólafur, sjónvarpskokkurinn knáí úr Hinu blómlega búi verður þeim stöllum innan handar og passar að ekkert fari úr-skeiðis. Verkið er létt og skemmtilegt og hver veit nema viðstaddir fái að bragða á kökunni! Óperan tekur um 20 mínútur í flutningi.

Kjarvalsstaðir, Flókagata 24, 105 Reykjavík

17:30 - 23:00

Hip Hop Hátíð Menningarnætur

Einu tónleikarnir á Menningarnótt sem einblína einungis á Hip Hop. Tónleikarnir í ár verða ennþá stærri en í fyrra og er búist við miklum mannfjölda á tónleikana. Mikíð úrval er af listamönnum í ár og lofum við góðri skemmtun.

Ingólfstorg, Ingólfstorg 3, 101 Reykjavík

17:30 - 18:10

Heiðurstónleikar Serge Gainsbourg

Haldnir verða tónleikar til heiðurs tónlistargóðsögninni Serge Gainsbourg. Tónlist Gainsbourgs er fjölbreytt, og nánast útlokad að fella undir einn hatt, enda varla sú tónlistarstefna til sem Gainsbourg daðraði ekki við. Þar á meðal eru djass, mambó, heimstónlist, franskar ballöður og popp, og stundum jafnvel rokk, reggý, raftónlist, diskó og nýbylgja. Textar hans voru einstaklega hugvitslega ortir; fyndnir og fullir af orðaleikjum sem gengu stundum fram af fólki. Lögin hans verða flutt í jazzúsetningum en sveitina skipar einvalalið tónlistarfólks sem hál hafa verið áberandi á íslensku tónlistarsenunni: Unnur Sara Eldjárn, söngur, Daniel Helgason, gítar, Alexandra Kjeld, kontrabassi, Halldór Eldjárn, trommur.

Hannesarholt, Grundarstígur 10, 101 Reykjavík

Sökkuláðikökuopera

Sökkuláðikökuopera

Sökkuláðikökuopera

17:30 - 18:10

Gainsbourg: Serge Gainsbourg Heiðurstónleikar

Tónlistarkonan Unnur Sara teflir fram einvalaliði tónlistarfólks í heiðursdagskrá til minningar um franska söngvaskáldsíð Serge Gainsbourg. Leikin verða lög frá ýmsum tímabilum ferlis Serge Gainsbourg, en sveitin flytur þau í jazzúsetningum. Tónleikarnir hefjast stundvíslega kl. 17:30 í Hljóðbergi, tónleikasal Hannesarholts.

Hannesarholt Menningarhús, Grundarstigur 10, 101 Reykjavík

17:30 - 17:50

Magíus

Magíus er gítarleikari og söngvari sem notast einnig við raftónlist. Hann mun flytja frumsamin lög þar sem hann spilar á gítar og syngur við hljómsveit sem hann myndar með

loop pedal og í tólvunni. Á bakvið listamaninnn Magíus er hann Magnús Thorlacius og er hann sérstakur gestur á dagskrá listhópa Hins Hússins á Menningarnótt.

Hítt Húsið menningarmiðstöð ungs fólks, Pósthússtræti 3, 101 Reykjavík

18:00 - 18:25

BlackboxRed

Stage Europe Network sendir fulltrúa sína til að taka þátt í Menningarnótt og kynnir í samvinnu við Hítt Húsið hljómsveitina: BlackboxRed frá Hollandi. Stage Europe Network eru samtök aðila frá 7 löndum sem vinna með efnilegum hljómsveitum. BlackboxRed kemur frá Hollandi og er dúó sem samanstendur af stelpu og strákn sem eru ekki neitt voðalega lágvæir heldur, hávæir, hröð og tryllt þegar þau birtast á sviðinu. Eva pyntar gítarinn á meðan Stefán lemur miskunnarlausar trommurnar.

Hítt Húsið Menningarmiðstöð, Pósthússtræti 3, 101 Reykjavík

18:00 - 19:00

Sálmafoss á Menningarnótt 2007-2017

Kl. 18.00 Sálmasöngur -allir syngja með Kór Neskirkju og hinu magnaða Klais-orgelii Kór Neskirkju í Reykjavík leiðir sönginn. Kl. 18.10 Kór Neskirkju ásamt stjórnanda sínum Steingrími Þórhallsyni organista Neskirkju flytur fjölbreytta kór- og orgeltónlist.

Hallgrímskirkja, Hallgrímstorg 1, 101 Reykjavík

18:00 - 22:45

Garðpartý Bylgjunnar

Það er frábært fyrir alla fjölskylduna að eyða kvöldinu í Hljómskálagarðinum. Risastór grasflöt á jafnsléttu, leiktæki fyrir börn, grill frá Ali, heit súpa frá Nettó og drykkir frá Ölgerðinni. Allt fritt á meðan birgðir endast. Á tvöföldu risasviði með risakjá í Hljómskálagarðinum fer fram viðstöðulaus tónlistarveisla frá kl. 18 - 22 45 þar sem fram koma: Jónas Sig og Ritvélar framtíðarinnar, Baggalútur, Dikta, Sycamore tree, Elisabet Ormslev, Birgir, Ása, RAVEN og Aron Hannes. Að tónleikunum loknum hafa tónleikagestir nægan tíma til að rölla í áttina að Kvosinni til að missa ekki af flugeldasýningunni.

Hljómskálagarðurinn, Hringbraut 12, 101 Reykjavík

18:00 - 19:00

Ótal andlit Iðunnar - Einar Indra kynnrí plötuna sína Unravel

Harpa Rún Ólafsdóttir og María Kjartans opna ævintýralega myndlistasýningu í töfrandi nýju rými fyrir ofan bakarið Brauð og co á Frakkarstíg 16. Gestum býðst svo að bjóða í verkin á svokölluðu “þöglu uppboði” á meðan að sýningu stendur á milli kl: 13:00 og 22:00. Á opnuninni mun tónlistarmaðurinn Einar Indra kynna nýju plötuna sína Unravel. Sýningarrýmið er upplifun í sjálfu sér þar sem rými hússins hefur verið

umbreytt úr athvarfi vegglistarmanna í fríðsæla vin í erli borgarinnar án þess þó að hreyfa við hrári veggjalist rýmisins.

Frakkastígur 16 (fyrir ofan Brauð & co), 101 Reykjavík

18:00 - 19:00

TMT (Tommi Tomm & Co.)

Blús og rokk af bestu gerði TMT (Tommi Tomm & Co) munu spila í Petersen svitunni á Menningarnótt en hljómsveitina skipa: Tómas Magnús Tómasson, bassi; Pálmi Sigurhjártarson, hljómborð/vox; Björgvin Ploder, trommur/vox.

Petersen svítan, Ingólfsstræti 2a, 101 Reykjavík

18:00 - 18:40

Í hennar sporum

Skór eru svo sérstakir. Þeir eru alls konar í laginu, alls konar á litinn og fjölbreytilegir eftir tísku. Það skipti máli að eiga nesti og nýja skó þegar að ævintýrin hófust og enn hefjast mörg ævintýri á nýju pari. Fyrsta ballið, útskriftin, brúðkaupið. Skór sem glöddu, skór sem mörkuðu tímamót og skór sem tengdust ástarsorg. Konan sem eignaðist bara eitt þar á ævinni og hin sem átti tvö hundruð og vildi fleiri. Skór og konur...eilíf ástarsaga. Söngkonan Svanlaug Jóhannsdóttir hefur leitað uppi skópör sem eiga sér sögu. Saga kvennanna og skóna, rómantíkin, gleðin og átökin, er sögð með sögum og söngvum, tónlist úr öllum áttum. Sýningin tekur um 40 mínútur í flutningi og í henni kemur fram ásamt Svanlaugu, Sigurður Helgi Oddsson, pianóleikari.

Domus Vox, Laugavegi 116 við Hlemm, 105 Reykjavík

18:00 - 20:00

Reynir Hauksson - flamenco night

Reynir Hauksson will follow DJ Silja Glömmi, with a passionate flamenco guitar. From 18:00 till 20:00, the lobby of Hlemmur Square hotel & hostel will be filled with the sound of an acoustic guitar. Be there and be Square.

Hlemmur Square, Laugavegur 105, 105 Reykjavík

18:00 - 21:00

Örleidsagnir um valin verk Kjarvals

Reglulega verður boðið upp á fróðleiksmola - um 15 mínútna leiðsögn - fyrir börn og fulloröna. Starfsfólk Fræðsludeildar Listasafns Reykjavíkur velur verk á sýningunni Kjarval – Lykilverk þar sem gott tækifæri gefst til að kynnast mörgum þekktustu verkum listamannsins. Örleidsögn verður á hálf tíma fresti frá kl. 18-21, opið verður á Kaffi Flóru og Kjarvalsstaðir loka kl. 22:00 á Menningar-nótt. kl. 18, 19, 20, 21.

Kjarvalsstaðir, Flókagata 24, 105 Reykjavík

18:30 - 18:50

Sökkuláðikökuopera

Bon Appétit! er gómsæt súkkulaðikökuopera eftir bandaríska tónskáldið Lee Hoiby þar

sem sjónvarpskokkurinn frægi, Julia Child, kennir áhorfendum að baka franska súkkulaðiköku. Guja Sandholt fer með hlutverk Julíu Child og Heleen Vegter leikur með á pianó. Ární Ólafur, sjónvarpskokkurinn knáí úr Hinu blómlega búi verður þeim stöllum innan handar og passar að ekkert fari úr-skeiðis. Verkið er létt og skemmtilegt og hver veit nema viðstaddir fái að bragða á kökunni! Óperan tekur um 20 mínútur í flutningi.

Kjarvalsstaðir, Flókagata 24, 105 Reykjavík

18:30 - 21:23

Örleidsagnir: Louisa Matthías-dóttir: Kyrrð

Reglulega verður boðið upp á fróðleiksmola - um 15 mínútna leiðsögn - fyrir börn og fulloröna. Starfsfólk Fræðsludeildar Listasafns Reykjavíkur velur verk á sýningunni Kyrrð sem kærkomið tækifæri gefst til að fá yfirsýn yfir feril listakonu sem á einstakan hátt hefur tilkað íslenskt landslag. Örleidsögn verður á hálf tíma fresti frá kl. 18:30 -21:30, opið verður á Kaffi Flóru og Kjarvalsstaðir loka kl. 22:00 á Menningarnótt.

Kjarvalsstaðir, Flókagata 24, 105 Reykjavík

18:35 - 19:00

The Small Print

Stage Europe Network sendir fulltrúa sína til að taka þátt í Menningarnótt og kynnir í samvinnu við Hítt Húsið hljómsveitina: THE SMALL PRINT frá Frakklandi. Stage Europe Network eru samtök aðila frá 7 löndum sem vinna með efnilegum hljómsveitum.

Small Print er pop/punk/rokk hljómsveit frá Marseille í Frakklandi. Hljómsveitin vann CLASS’EuROCK 2017 sem er sambærileg tónlistarkeppni og Músíktilraunirnar erú hlerlendis.

Hítt Húsið Menningarmiðstöð ungs fólks, Pósthússtræti 3, 101 Reykjavík

19:00 - 19:45

Guðrún Árný í Dómkirkjunni.

Guðrún Árný í Dómkirkjunni kl. 19:00. Guðrún syngur og leikur á pianó vel valin dægurlög. Ætti að vera eitthvað fyrir alla. Tónleikarnir eru ekki langir frá kl.19.00-19:45. Notaleg stund í yndislegri kirkju.

Dómkirkjan í Reykjavík, Kirkjustræti 16, 101 Reykjavík

19:00 - 19:45

Systkinadúó: Jóhanna & Ingi Bjarni

Systkinin Jóhanna Elísa og Ingi Bjarni verða í fyrsta skipti saman með dúótónleika í Þjóðmenningarhúsinu. Á dagskrá verða lög eftir Jóhönnu og útsetningar eftir þau bæði af íslenskum þjóðlögum. Þau munu einnig flytja tónlist frá ýmsum hornum, m.a. jazz og popp. Jóhanna Elísa er nýútskrifuð söngkona úr Tónlistarskóla FÍH. Hún stundaði nám í Tónlistarskólanum í Gautaborg í eitt ár og spilar einnig á pianó. Bróðir hennar, Ingi Bjarni, er með bachelor gráðu í jazzpíanóleik frá Konunglega Háskólanum í Haag og stundar nú mastersnám á Norðurlöndunum.

Þjóðmenningarhúsið, Hverfisgata 15, 101 Reykjavík

19:00 - 20:00

Sálmafoss á Menningarnótt 2017

Kl. 19.00 Sálmasöngur -allir syngja með Láru Bryndísi og Klais-orgelinu! Lára Bryndís Eggertsdóttir organisti leiðir sönginn. Kl. 19.10 Lára Bryndís Eggertsdóttir flytur orgeltónlist úr ýmsum áttum. Kl. 19.30 ORGA, íslenskt danskt gítar- og orgeldúó flytur útsetningar og eigin tónlist. Dúóið skipa Þór Arnarsson, gítar og Thunbo Peder-sen, orgel. Ökeypis aðgangur- allir innilega velkomnir!

Hallgrímskirkja, 101 Reykjavík

19:00 - 20:00

Ótal andlit Iðunnar -

Biggi Hilmars og María Kjartans spila lög af plötunni Dark Horse Harpa Rún Ólafsdóttir og María Kjartans opna ævintýralega myndlistasýningu í töfrandi nýju rými fyrir ofan bakarið Brauð og co á Frakkarstíg 16. Gestum býðst svo að bjóða í verkin á svokölluðu “þöglu uppboði” á meðan að sýningu stendur á milli kl. 13:00 og 22:00. Verkin eru blanda af ljósmynd og teikningu. Á opnun-inni mun Tónlistartviefkið Birgir Hilmars og María Kjartans munu taka nokkur lög af væntanlegri plötu sinni Dark Horse. Sýningarrýmið er upplifun í sjálfu sér þar sem rými hússins hefur verið umbreytt úr athvarfi vegglistarmanna í fríðsæla vin í erli borgarinnar án þess þó að hreyfa við hrári veggjalist rýmisins.

Frakkastígur 16 (fyrir ofan brauð & co), 101 Reykjavík

19:00 - 20:00

Rooftop Lindy Hop

Lindy Ravers munu stíga tryllt lindy hop í Petersen svitunni á Menningarnótt. Hvað er Lindy hop? Lindy hop er samkvæmisdans sem uppruninn er í Harlem, New York, á 4. áratug 20. aldar. Hann þróaðist við swing jazz (sveiflu) tónlist. Dansinn, sem er

fjölbreyttur og skemmtilegur, hefur vaxið í vinsældum síðastliðin ár. Finna má samfélög Lindy hop dansara um allan heim.

Petersen svítan, Ingólfsstræti 2a, 101 Rvk.

19:30 - 20:00

Örleidsögn um Ísland í heiminum, heimurinn í Íslandi

Örleidsögn sérfræðings Þjóðminjasafns Íslands um sýninguna Ísland í heiminum, heimurinn í Íslandi. Á Íslensku kl. 19.30 og á ensku kl. 19.45. Í nóvember 2016 var opnuð sýning í Bogasal Þjóðminjasafnsins sem nefnist Ísland í heiminum, heimurinn í Íslandi. Sýningin byggir á rannsóknum mannfraeðinganna Kristinar Loftsdóttur og Unnar Disar Skaptadóttur og nemenda þeirra við Háskóla Íslands. Á sýningunni er dregið fram að saga og samtími Íslands hefur einkennast af þverþjóðlegum tengslum rétt eins og annarra landa í heiminum. Ísland hefur þannig verið vettvangur hreyfanleika fólks og hugmynda í gegnum aldir.

Þjóðminjasafni Íslands - Bogasalur, Suður-gata 41, 101 Reykjavík

19:30 - 20:30

Chet Baker and Me

Prógrammið “Chet Baker and Me” samanstendur af lögum sem trompetlekarinn og söngvarinn Chet Baker flutti og gerði fræg á fyrriparti ferils síns, í bland við tón- og textasmiðar kontrabassaleikarans Haraldar Ægir Guðmundssonar. En lög Haraldar bera yfirbragð gamla söngjazzins, og fjalla jafnt um ástir, veður og sorgir og kallast ágætlega á við hin þekktu lög Bakers. Haraldur leiðir í lönd nýjan jazz kvartett sem samanstendur af nokkrum frambærilegustu jazztónlistarmönnum Reykjavíkur, þar má nefna Agnar Má Magnússon á pianó, Snorra Sigurðarson sem leikur á trompet og flugelhorn ásamt Böðvari Reynissyni sem syngur. Tónleikarnir hefjast kl. 19:30 í lönd.

lönd, Vonarstræti 3, 101 Reykjavík

Sökkuláðikökuopera

20:00 - 20:30

ReCover - Klassíski listdanss-köllinn

ReCover er dans-innsetning þar sem unnið er með ólík dansverk og þau sett í nýtt samhengi. Verkin sem unnið er með eru –„Flamingos“ og „Cover“ sem bæði voru gerð fyrir svið. „Flamingos“ er innblásið af hreyfingum flamingo-fugla en í „Cover“ er unnið út frá sigildum dansverkum þar sem dansverkin eru klippt saman, þeim breytt auk þess sem notast er við nýja tónlist svo úr verður dansbreyða. Camilo gengur skrefinu lengra með hugmyndina og býr til klippimynd sem er sérstaklega útfærð fyrir rými Safnahússins. Áhorfendur geta gengið um sýninguna Sjónarhorn, sem þar er, og séð ólík brot af dansverkum hér og þar eða fylgt dönsurunum um rýmið. Dansarar: Nemen-ður Klassíska listdansskólans á 6. stigi og framhaldsbraut auk gestadansara frá FWD Youth Company.

Safnahúsið við Hverfisgötu 15, 101 Reykjavík

Sökkuláðikökuopera

Sökkuláðikökuopera

20:00 - 23:00

DJ Atli Már

DJ Atli Már mun halda fólki á tánum með Djösy Funky Jazz tónum eins og honum einum er lagið. DJ Atli Már mun halda uppi stuðinu á pallinum okkar fram að flugel-dasýningu. Stanslaus gleði allan daginn og langt fram á kvöldi í Petersen svitunni!

Petersen svítan, Ingólfsstræti 2a, 101 Reykjavík

20:00 - 21:30

Heimurinn í Íslandi – Dansveisla frá Balkanskaganum

Í tengslum við sýninguna Ísland í heiminum, heimurinn í Íslandi í Bogasal Þjóðminjasafnsins er boðið til dansveislu í anda Balkanlandanna á Menningarnótt. Danskennarinn

Sökkuláðikökuopera

Veška Jónsdóttir frá Búlgaríu stjórnar dansinum, kennir sporin og heldur uppi fjörinu.Á Balkanskaganum er ríkuleg danshefð. Þar dansar fólk á öllum aldri saman við ýmis tækifæri. Skrefin í Balkandönsum eru ýmist hæg eða hröð, einföld eða flókin og taktur tónlistarinnar er margslunginn og óvenjulegur. Balkandansar eru góð hreyfing sem eykur úthald, samhæfingu og jafnvægi. Komdu og dansaðu nokkur spor við lífléga og fjöruga tónlist.

Þjóðminjasafn Íslands, Suðurgata 41, 101 Reykjavík

20:00 - 21:00

Sálmafoss á Menningarnótt 2007-2017

Kl. 20.00 Sálmasöngur -allir syngja með Klais-orgelinu! Björn Steinar Sólbergsson organ-isti Hallgrímskirkju og Baldvin Oddsson trompetleikari leiða sönginn. Kl. 20.10 - 21.00 Trompet og orgel - orgeleinleikur og orgel og selló Hinn ungi og marglofaði trompetleikari Baldvin Oddsson leikur fallega og hátíðlega barokktónlist með Birni Steinari Sólbergssyni organista. Kl. 20.30 Steinar Logi Helgason organisti, sem stundar framhaldsnám í kirkjutónlist í Kaupmannahöfn leikur undurfagra orgeltónlist eftir Mendelssohn. Kl. 20.40 Inga Rós Ingólfssdóttir sellóleikari og framkvæm-dastjóri Listvinafélagssins Hjörðar Áskelsson kantor Hallgrímskirkju ljúka Sálmafossi með sindrandi tönum, m.a. Svaninum eftir Saint- Saëns

Hallgrímskirkja, Hallgrímstorg 1, 101 Reykjavík

20:00 - 22:00

Lefty Hooks & The Right Thingz

Reggae hljómsveit sem var stofnuð í apríl 2016. Síðan þá hafa þau t.d. spilað á Secret Solstice og off venue á Airwaves. Þau eru að taka upp sína fyrstu plötu þessa dagana. Lefty Hooks, lagasmiður og stofnandi er



MÆTUM Í SCARPA Á MENNINGARNÓTT!





Kringlan 7 | Laugavegur 11 | Reykjavíkurvegur 64 | S: 510 9505 | fjallakofinn.is

















Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

s: 534 0005 - gylltikotturinn.is

óneitanlega hæfileikaríkur tónlistarmaður sem og Gnúsi Yones (Amabadama), pródúser, sem hefur unnið tónlist með Lefty í að verða 16 ár. Sumir þekjja þá sem Antlew Maximum. Linda Hartmanns hefur verið að gera það gott, t.d. með þáttöku sinni í Söngvakeppni sjónvarpsins og The Voice Island. Aníta, söngkona með náttúrulegt rasp og mikla tilfinningu, Andrews, besti bassinn í bænum, Juan Carlos, gítarleikari af guðs náð, Kobbi, fagaður og tæknivæddur hljómborðs- og sýnpaleikari og síðast en ekki síst, Cheick Bangoura úr Bangoura band, okkar allra besti ásláttarhljófæraleikari.

American Bar, Austurstræti 8, 101 Reykjavík

20:00 - 23:00

Tónaflóð 2017 – Eitthvað fyrir alla!

Tónleikarnir hefjast stundvíslega kl. 20.00 og standa til kl. 23.00, eða fram að flugeldasýningu Menningarnætur. Kjörorð Rásar 2 hefur lengi verið "fyrst og fremst í íslenskrí tónlist" og Rás 2 er stolt af því að hafa sameinað Íslendinga á öllum aldri með lifandi tónlist á Menningarnótt síðan 2003. Við á Rás 2 og RÚV erum gríðarlega ánægð og stolt yfir því að fá enn og aftur frábæran hóp listamanna til liðs við okkur á þessum stærstu og fjölsóttustu tónleikum ársins. Tónaflóði 2017 verður útvarpað beint á Rás 2 en þeir sjónvarpsútsending frá tónleikumunum verður einnig á RÚV og RÚV HD! Dagskráin er svona: Kl. 20.00 – REYKJAVÍKURDÆTUR, Kl. 20.30 – FRÍÐRIK DÓR, Kl. 21.15 – SVALA, Kl. 22.00 – SÍÐAN SKEIN SÓL.

Arnarhöll, 101 Reykjavík

20:00 - 20:45

Leiðsögn um sýninguna Ögnvekjandi náttúra

Rakel Pétursdóttir deildarstjóri rannsóknar og Safns Ásgríms Jónssonar leiðir gesti um sýninguna Ögnvekjandi náttúra í Safni Ásgríms Jónssonar, laugardaginn 19. ágúst á Menningarnótt kl. 20:00. Safnið verður opið frá kl. 18:00 - 22:00. Í stórbrotnum verkum er sýna menn og dýr á flotta undan náttúruhamförum má skynja innri átök listamannsins sem tengir okkur við líf hans og starf, sælu og þjáningar sem fylgja sköpunarferlinu þar sem slegið er á nýja strengi. Saga fátæks bön-dasonar sem verður einn dádásti listmálari þjóðarinnar er ævintýri líkust. Fjölbreytt efnistöskvitna um stöðuga leit listamannsins að tjáningarformi sem hæfði ólíkum viðfangsefnum, allt frá staðbundnum landslagsmyndum til túlkunar á sagnaarfnum, íslenskum þjóðsögum og ævintýrum auk náttúruhamfara.

Safn Ásgríms Jónssonar, Bergstaðastræti 74, 101 Reykjavík

20:00 - 21:00

Kvöldtónar í Dómkirkjunni

Álfheiður Erla Guðmundsdóttir sópran og Eva Þyri Hilmarsdóttir píanóleikari leiða áheyrendur í gegnum ljúfa tóna á tónleikum á Menningarnótt, laugardaginn 19. ágúst kl. 20:00 í Dómkirkjunni í Reykjavík. Á efnisskránni verða íslensk og þýsk sönglög en einnig ýmsar ariur og samsöngvar óperubókmenntanna. Auk Álfheiðar og Evu koma meðal annars fram Eyrún Unnarsdóttir sópran og Fjölínir Ólafsson barítón. Aðgangur er ókeypis. Verið hjartanlega velkomin á kvöldtóna í Dómkirkjunni!

Dómkirkjunni í Reykjavík, Kirkjustræti 16, 101 Reykjavík

21:00 - 22:00

Blússveisla í Iðná

Blússveit Pollýjar hefur starfað í meira en áratug og tekið virkan þátt í blús og tónlistarsenunni hér á landi á þeim tíma. Blússveitin flytur kröftugan ryþmablús í bland við hugljúfar melóðir skreytt með gospelívaði og er leikgleðin ávallt í fyrirrúmi. Blússveit Pollýjar skipa: Polly Rósmunds söngur, Friðrik Karlsson sólólgítar, Sigurður Ingimarsson söngur og ryþmagítar, Jonni Richter bassi, Sigfús Örn Ottarsson trommur. Polly Rósmunds hefur sungið jazz, blús og gospel jöfnum höndum undanfarið ár. Friðrik Karlsson gítarleikari er einna þekktastur fyrir gítarleik sinn með hljómsveitinni Mezzoforte en hann hefur einnig starfað með heimsþekktum listamönnum á borð við Madonna og Kate Bush. Aðrir hljómsveitarmélimir hafa víða komið við í tónlistarbransanum og sameinast hér í leikgleðinni.

Iðnó, Vonarstræti 3, 101 Reykjavík

21:00 - 22:00

La Stravaganza

A.Vivaldi (1678-1741) - La stravaganza fiölu-konsert Op.4 No.1 í B dúr U.W.Van Wassenaer (1692-1766) - 6 Concerti Armonici No.1 í G dúr J.M.Leclair (1697-1764) - Op.7 No.1 fiölu-konsert í D moll J.S.Bach (1685-1750) - konsert fyrir tvær fiöluir í D moll J.Pachelbel (1653-1706) - Kanon í D dúr A.Vivaldi (1678-1741) - Konsert fyrir strengi RV 156 í G moll C. Tassarini (1690 - 1766) - La stravaganza Op.4 í D dúr

Kjarvalsstaðir, Flókagata 24 105 Reykjavík

22:59 - 23:00

Flugeldasýning Menningarnætur

Glæsileg Flugeldasýning á Menningarnótt á vegum Hjúlparsveitar skáta í Reykjavík. Flugeldum verður skotið upp frá Austurbakka og Tollstjórahúsi. Búast má við störfenglegu sjónarspili þar sem himininn mun ljóma.

Austurbakki, Geirsgata 11 101 Reykjavík

23:00 - 03:00

DJ Egill Cali

DJ Egill Cali mun halda fólki dansandi langt fram á nótt beint eftir flugeldasýninguna á Menningarnótt. DJ Egill Cali er þekktur fyrir að rífa upp stemninguna með frábærum tónum hér á Petersen svitunni og hlökkum við mikið til að dansa fram á rauða nótt!

Petersen svítan, Ingólfsstræti 2a, 101 Reykjavík

23:00 - 01:00

Babies í Gamla Bíó

Snillingarnir í Babies flokknum ætla að trylla allt beint eftir flugeldasýninguna á Menningarnótt. Stuðbændið hefur getið sér gott orð fyrir líflegt tónleikahald. Babies er cover-ballhljómsveit sem gerir mikið stuð og mikið gaman. Þau spila fjölbreytta tónlist, allt frá fittis lögum til laga sem gefin voru út í fyrri. "Babies will make you dance! Babies will make you shake! Babies will make you groove!" Fritt inn og allir velkomni! (18 ára og yngri í fylgd með fullorönum).

Gamla Bíó, Ingólfsstræti 2a, 101 Reykjavík

Sægreifinn

skemmtilegur staður á skemmtilegum stað

Sægreifinn var stofnaður af Kjartani Halldórssyni árið 2003. Hann ætlaði aldrei að fara út í veitingarekstur, þetta gerðist eiginlega bara óvænt. Hann opnaði í verbúðinni fiskbúð og vildi vera með eitthvað sérstakt sem enginn annar var að selja. Fiskbúðin gekk vel og var mjög vinsæl af fólkinu í nágrenninu.

Einn daginn komu erlendir ferðamenn til Kjartans á Sægreifann með fisk sem þeir höfðu veitt á sjóstöng úti á Faxaflóa. Þeir spurðu Kjartan hvort hann gæti grillað fiskinn fyrir þá. Kjartan var ekki kominn með grill á þessum tíma en þar sem þjónustulund hans var gríðarlega sterk skellti hann sér út í BYKO og keypti eitt stykki útigrill og grillaði fiskinn fyrir ferðamennina. Þetta var fyrsta skref hans í áttina að veitingarekstri. Hann ákvað að fá sér borð og stóla og halda áfram að grilla fyrir gesti og gangandi. Þar næst fór hann í humarsúpugerð og þá var ekki aftur snúið. Veitingastaðurinn varð svo vinsæll hjá honum að hann varð að ráða inn fleira starfsfólk. Í byrjun voru þeir bara tveir gamlir karlar, hann og Hörður Guðmannsson, vinur hans til margra ára.

Kjartan Halldórsson lést fyrir nokkrum árum og hefur Elísabet Jean Skúladóttir sem vann hjá Kjartani um árabil tekið við rekstrinum.

Á Sægreifanum er ýmislegt á boðstólunum en þó stendur hin heimsfræga humarsúpa hæst. Uppskriftin kemur frá Kjartani en hann vildi ekki upplýsa um innihaldið, segir það hernaðarleyndarmál en fullvissir þó fólk um að það sé hamingja í hverri skeið. Á boðstólunum er einnig mikið úrval af grilluðum fisk og hægt að gæða sér á hrefnusteik.

Sægreifinn við Gömlu höfnina er enginn venjulegur staður. Þar er mjög



vinalegt andrúmsloft og minnir helst á heimili. Við fyrstu sýn lítur staðurinn út fyrir að vera tiltölulega lítil en hann leynir á sér því á neðri hæðinni eru tveir salir þar sem annarsvegjar er setið á venjulegum stólum og hinsvegjar á hrognatunnum með sérsamuðum púða til að sitja á. Á efri hæðinni er svo 30 manna salur. Hann er mjög fallegur, minnir helst á sumarþústað. Þar má finna allskonar myndir og muni sem Sægreifinn hefur fengið að gjöf frá vinum og fastakúnum. Salinn má panta fyrir ýmis tilefni, þar hafa verið haldnar brúðkaupsveislur, fermingar, stórafmæli og fleira.

Nú er um að gera að kíkja við á Sægreifann og fá sér eitthvað gott í gogginn og njóta sín í góðu andrúmslofti.



Apótekið þitt

í gamla Héðinshúsinu við Seljaveg 2



Reykjavíkur Apótek býður upp á allar tegundir lyfja. Mikið og fjölbreytt úrval af heilsulyfjum, bað- og ilmörum, gjafavörum auk ýmissa annarra góðra kosta.

Reykjavíkur Apótek er sjálfstætt starfandi apótek sem leggur áherslu á persónulega þjónustu og hagstætt verð.

Öryrkjar og eldri borgarar njóta sérkjara hjá okkur

Afgreiðslutími:
9-18:30 virka daga
10-16:00 laugardaga

Reykjavíkur  Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

*Göngum frá
verknum*



Íbúfen®

– Bólqueyðandi og verkjastillandi

400 mg, 30 stk og 400 mg, 50 stk

Íbúfen 400 mg, filmuhúðuð tafla inniheldur 400 mg af íbúprófeni. Íbúfen tilheyrir flokki lyfja sem kölluð eru NSAID lyf (bólqueyðandi lyf sem ekki eru sterar). Lyfið er notað við vægum til meðalmiklum verkjum eins og höfuðverk, einnig mígreni höfuðverk, tannpínu, tíðaverkjum, hita og ýmsum gigtarsjúkdómum s.s. liðbólgujúkdómum (t.d. íktsýki þ.m.t. barnaíktsýki), hrörnun í liðum (t.d. slitgigt), vefjagigt, öðrum liða- og vöðvasjúkdómum og meiðslum á mjúkvefjum. Takið töflurnar með glasi af vatni með eða eftir mat. Til að auðvelda inntöku eða til að stilla skammta má skipta töflunum í tvo jafna hluta. Ekki skal gefa börnum yngri en 12 ára Íbúfen 400 mg filmuhúðaðar töflur. Hámarksdagskammtur á ekki að fara yfir 3 töflur (1200 mg). Fullorðnir skulu ekki taka Íbúfen í meira en 7 daga án samráðs við lækni. Unglingar skulu ekki taka Íbúfen í meira en 3 daga án samráðs við lækni. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is


Actavis